



Í það minnsta átján manns hafa látist og hálfur milljarður dýra drepist í skógareldum sem geisað hafa í Ástralíu síðan í september. Erfiðlega gengur að slökkva eldana og talið er að eldar logi nú á um 200 stöðum í landinu. Fylkisstjóri Nýja Suður-Wales hefur lýst yfir sjö daga neyðarástandi en búist er við miklum hita og roki í landinu á morgun. Sjá síðu 6 NORDICPHOTOS/GETTY

Bætur greiddar síðar í þessum mánuði

Hundruð milljóna verða greidd í miskabætur úr ríkissjóði vegna Guðmundar- og Geirfinnsmála síðar í janúar. Bæturnar verða greiddar út á grundvelli nýsamþykktra laga. Frestur til að gera athugasemdir við fyrirhugaðar fjárhæðir rennur út í lok næstu viku.

GEIRFINNSMÁL Búast má við að bætur verði greiddar úr ríkissjóði síðar í þessum mánuði á grundvelli nýsamþykktra laga um slíka heimild vegna sýknudóms Hæstaréttar í Guðmundar- og Geirfinnsmálum sem kveðinn var upp í fyrra. Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið aflaði hjá forsætisráðuneytinu var rætt við þá sem njóta eiga laganna strax í kjölfar samþykktar þeirra á Alþingi hinn

4. desember síðastliðinn. Á grundvelli þeirra samtala fengu viðkomandi bréf frá stjórnvöldum og var þeim veittur frestur til 10. janúar til að gera athugasemdir við áætlaðar fjárhæðir bóta. Að þeim fresti liðnum verði bætur greiddar út á grundvelli stjórnvaldsákvörðunar, nema athugasemdir kalli á sérstaka endurskoðun ákvörðunar. Samkvæmt lögnum verða bætur greiddar til þriggja málsaðila sem

enn eru á lifi og til maka og barna hinna tveggja látnu. Miðað verður við þær fjárhæðir sem fram koma í lagafrumvarpinu og voru til umræðu í viðræðum sáttanefndar og síðar setts ríkislögmans við aðila málsins áður en viðræðum lauk. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir bótum frá 15 til 224 milljóna til hvers og eins en ekki er þó útilokað að fjárhæðirnar taki einhverjum breytingum.

🔗 Fjárhæðir bótanna

Miðað verður við fjárhæðir sem getið er í frumvarpi forsætisráðherra en þær gætu þó breyst.

Albert Klahn Skaftason	15 milljónir
Guðjón Skarphéðinsson	145 milljónir
Kristján Viðar Júlíusson	204 milljónir
Tryggvi Rúnar Leifsson	171 milljón
Sævar Marínó Ciesielski	224 milljónir
Samtals	759 milljónir

Gert er ráð fyrir því að bæturnar verði skattfrjálsar og skerði ekki bætur almannatrygginga eða samþætilegar greiðslur.

Eins og fram kemur í lögnum kemur greiðsla bóta á grundvelli þeirra ekki í veg fyrir að bótabegar geti höfðað sérstakt bótamál fyrir dómstólum til heimtingar frekari bóta. Enn sem komið er hefur Guðjón Skarphéðinsson einn málsaðila stefnt ríkinu til heimtingar bóta. – aa

Nýr e-up!

Ódýrasti rafbíllinn

260 km drægni

Verð frá


2.990.000 kr

Frumskýndur

11. janúar

HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000

Veður



Gengur í norðvestan 15-23 m/s í dag, en mun hægari á SV- og V-landi. Snjókoma fram eftir degi N-lands, annars él, en léttskýjað sunnan heiða. Fer að lægja seinni partinn, áfram kalt í veðri.

SJÁ SIÐU 18



Konur berjast fyrir launajafnrétti.

Dagsektum verður beitt

JAFNRÉTTISMÁL Rétt tæplega helmingur þeirra fyrirtækja og stofnana, sem samkvæmt lögum bar að öðlast jafnlaunavottun fyrir lok ársins 2019, hefur hlotið vottun. Heimilt er að beita þau fyrirtæki, sem ekki hafa hlotið jafnlaunavottun á tilsettum tíma, dagsektum að hámarki 50.000 krónur á dag.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um beitingu dagsekta kemur fram að Jafnréttisstofa muni beita dagsektum í samræmi við nýlega reglugerð. „Jafnréttisstofa mun beita dagsektum í samræmi við nýlega reglugerð þar um. Þar sem um íþyngjandi ákvörðun er að ræða verður heimildinni beitt að vel ígrunduðu máli.“

Jafnlaunavottun var lögfest í júní 2017 og felur hún í sér að öllum fyrirtækjum og stofnunum þar sem starfa fleiri en 25 manns á ársgrundvelli beri að gæta þess að ekki sé mismunun á launum eftir kyni.

Fyrsti áfangi laganna náði til fyrirtækja og stofnana þar sem starfa 250 manns eða fleiri og bar þeim fyrirtækjum að öðlast jafnlaunavottun fyrir 31. desember 2019. Fyrir nýliðin áramót bar einnig opinberum aðilum sem eru meira en að hálfu í eigu ríkisins og þar sem 25 eða fleiri starfsmenn starfa á ársgrundvelli að hafa hlotið jafnlaunavottun. Fyrirtæki af þeirri stærðargráðu eru 269 talsins hér á landi og einungis 134 þeirra hafa öðlast vottunina.

Síðasti áfanginn verður við árslok 2022. – bdj

Hreinsað til í miðbænum



Þessir tveir sjálfbóðaliðar urðu á vegi ljósmyndara Fréttablaðsins í kuldanum í miðborg Reykjavíkur í gær en þeir voru sem betur fer vel búnir fyrir vetrarveðrið. Fólkið, sem kemur frá Suður-Kóreu og Svíþjóð, var að tina rusl af götum og úr blómabeðum miðbæjarins. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Helga tekur við tímabundið

STJÓRNSÝSLA Helga Jónsdóttir lögfræðingur hefur verið sett tímabundið í embætti ríkissáttasemjara. Bryndís Hlöðversdóttir, fráfaramandi sáttasemjari, tók um áramót við stöðu ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu.



Helga Jónsdóttir.

Umsóknarfrestur um stöðu ríkissáttasemjara rann út 20. desember og mun Helga gegna embættinu á meðan unnið er úr umsóknum.

Helga sem er einn af tólf aðstoðarsáttasemjurum hefur þegar tekið til starfa. Haustið 2018 var hún tímabundið settur forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur. – sar

Síðasta barnið fæddist á gamlársmorgun

Síðasta barn ársins 2019 fæddist rétt fyrir klukkan tíu að morgni gamlársmorguns. Um dreng var að ræða sem bættist í hóp þriggja systkina. Móðir hans segir að breytingar á reglum fæðingarorlofssjóðs sem gengu í gegn um áramót hafi ekki verið henni ofarlega í huga í fæðingunni.



Pau Pétur og Hildur eignuðust síðasta barn ársins 2019. MYND/ EMILÍA KRISTÍN

Þó að það væri vissulega gott að eiga auka mánuð þá er breytingin ekki það stórvægileg að það hefði skipt okkur einhverju máli.

Hildur Björk Margrétardóttir

sem lengdu rétt foreldra til töku orlofsins um einn mánuð, úr níu mánuðum samtals í tíu mánuði. Áður voru réttindin þrír mánuðir á

hvort foreldri auk þriggja mánaða sem foreldrar gátu deilt á milli sín.

Breytingin um áramótin var sú að nú fá foreldrar fjögurra mánaða fæðingarorlofsréttindi á mann auk tveggja mánaða sem hægt er að deila á milli eins og fjölskyldunni hentar. Hildur Björk hlær þegar blaðamaður spyr hvort hún hafi ekki leitt hugann að því að reyna að biða aðeins.

„Nei, ég leiddi nú ekki hugann að því. Strákurinn átti að koma í heiminn á jóladag og því gekk ég aðeins fram yfir með hann. Þó að það væri vissulega gott að eiga auka mánuð er breytingin ekki það stórvægileg að það hefði skipt okkur einhverju máli,“ segir Hildur Björk.

bjornth@frettabladid.is

Janúarsól á Tenerife

GARA SUITES 4*

18. - 25. JANÚAR

VERÐ FRÁ 97.900 KR.

Á MANN M.V. TVO FULLORÐNA SAMAN Í SVÍTU

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

STÓRSÝNING

á morgun 4. janúar kl. 12–16 hjá
viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi.

Við byrjum árið með því að sýna glæsilegan Toyota C-HR sem leiðir stjörnuflota Toyota til nýrra tíma. Einnig kynnum við Toyota tryggingar, magnaða viðbót við þjónustu okkar og kveikjum óslökkvandi ferðahug með úrvali aukahlutapakka með Land Cruiser og Hilux.

Sjá nánar á toyota.is



UMHVERFSVERÐLAUN ÁTVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

LAND CRUISER PAKKAR

- L1** 33" breyting með Goodyear dekkjum og dráttarbeisli.
TILBOÐSVERÐ 390.000 kr. Fullt verð 717.000 kr.
- L2** Dráttarbeisli, Goodyear dekk, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.
TILBOÐSVERÐ 255.000 kr. Fullt verð frá 419.000 kr.
- L3** Protect lakkvörn, hlíf á afturstuðara og húddhlíf.
TILBOÐSVERÐ 99.000 kr. Fullt verð 178.000 kr.

HILUX PAKKAR

- H1** 33" breyting með Goodyear dekkjum og dráttarbeisli.
TILBOÐSVERÐ 420.000 kr. Fullt verð 783.000 kr.
- H2** Dráttarbeisli, Goodyear dekk, gluggavindhlífar og krómstútur á púst.
TILBOÐSVERÐ 290.000 kr. Fullt verð frá 497.000 kr.
- H3** Protect lakkvörn, brettakantar og húddhlíf.
TILBOÐSVERÐ 120.000 kr. Fullt verð 201.000 kr.

TOYOTA TRYGGINGAR

VÁTRYGGT AF TM

Með Toyota tryggingum færð þú afnot af bílaleigubíl allan viðgerðartímann ef þú lendir í tjóni. Séð er til þess að þú fáið aðeins viðurkennda varahluti frá Toyota og að viðgerð lokinni skilum við þér bílnum tándurhreinum að utan.* Sjá nánar á toyotatryggingar.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



*Á einungis við ef viðgerð fer fram í gegnum viðurkenndan þjónustuaðila Toyota á Íslandi og ef um kaskótjón er að ræða.
Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 Ísland á lista yfir verstu löndin til að heimsækja 2020
Breska blaðið The Independent ráðleggur lesendum að sleppa Íslandsheimsóknunum á árinu.

2 Hafnar því að hafa rofið þagnarskyldu í máli Kristjáns Réttargæslumaður í máli Kristjáns Gunnars Valdimarssonar hafnar því að hafa brotið gegn starfsskyldum sínum.

3 Spyra hvort útgerðarmenn séu kjánar Sjómannafélag Íslands og Vélstjórafélag Grindavíkur vilja rannsókn á mismunandi makrílverði hér og í Noregi.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is



Guðrún Ögmundsdóttir lést á gamlársdag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Margir minnst Guðrúnar

STJÓRNMÁL Samherjar og samstarfsmenn Guðrúnar Ögmundsdóttur hafa síðustu daga minnst hennar á samfélagsmiðlum. Guðrún sem sat á Alþingi fyrir Samfylkinguna og í borgarstjórn fyrir R-listann lést á gamlársdag eftir baráttu við krabbamein.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir Guðrúnu hafa verið einn þeirra stjórnmálamanna sem njóta virðingar þvert á flokka og hafa átt vini í ólíkum kimum samfélagsins. Þá minnst Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hennar sem baráttukonu sem rutt hafi brautina á ótal sviðum og skilið eftir sig djúp spor í samfélaginu.

Guðrún hlaut meðal annars riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu 17. júní í fyrra fyrir framlag sitt í þágu mannúðar og baráttu hinsegin fólks. – sar

Sjálfstæðisflokkurinn langstærstur hjá Gallup

STJÓRNMÁL Sjálfstæðisflokkurinn mælist langstærstur flokka á Alþingi í nýjum Þjóðarpól Gallup. Flokkurinn er nú með 22,7 prósent fylgi sem er einu prósentustigi meira en fyrir mánuði.

Samfylkingin er næststærst með 13,9 prósent og tapar tæpum tveimur prósentustigum frá síðustu könnun. Í könnun sem Maskína gerði fyrir Stöð 2 og birtist á gamlársdag var Samfylkingin hins vegar



Vinstri græn og Samfylkingin tapa fylgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

» Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með 22,7 prósent en Samfylkingin 13,9 prósent.

stærsti flokkurinn með 19 prósent fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn kom næstur með 17,6 prósent.

Miðflokkurinn mælist nú með 12,7 prósent hjá Gallup sem er örlitlu minna en síðast og Viðreisn

með 12 prósent sem er aukning upp á rúmt prósentustig. Píratar bæta sömuleiðis við sig einu prósentustigi og mælast nú með 11,3 prósent.

Vinstri græn tapa hins vegar tæpum þremur prósentustigum milli kannana og eru nú með 10,7 prósent. Framsóknarflokkurinn bætir við sig tæpu prósentustigi og er með 8,6 prósent og Flokkur fólksins mælist með 4,3 prósent en var með 3,9 prósent síðast. – sar

Kröfu um að ógilda leyfi fyrir neyðarskýli á Granda hafnað

Ekki var orðið við kröfu eigenda Grandagarðs 1b til 13 um að fella úr gildi leyfi byggingarfulltúa vegna neyðarskýlis fyrir heimilislausu vímuefnaneytendur í Grandagarði 1a. Eigendur fasteignanna kveðast óttast að truflanir verði á starfsemi og verðryrnun vegna neyðarskýlisins sem opnað var 13. nóvember.

SKIPULAGSMÁL Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnar kröfu húseigenda í Grandagarði um að fella úr gildi leyfi fyrir neyðarskýli í Grandagarði 1a.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík gaf út í apríl á nýliðnu ári leyfi til að innrétta Grandagarð 1a sem neyðarskýli fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs borgarinnar. Eigendur Grandagarðs 1b, 3, 5, 7, 9, 11 og 13 kærðu í maí þá ákvörðun sem fól í sér leyfi til að innrétta neyðarskýli fyrir heimilislausu vímuefnaneytendur.

Í umfjöllun úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála segir að kærendurnir hafni því að landnotkunin „samfélagsþjónusta“ sé almennt heimil á miðsvæðum og þjónustusvæðum. „Jafnvel þótt um væri að ræða samfélagsþjónustu sé óumdeilanlegt að þjónustan felist meðal annars í því að bjóða þjónustubegum gistiðstöðu sem sé óheimil á svæðinu samkvæmt skipulagsskilmálum.“

Kærendurnir vísa til dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 30. maí 2018 um hvort nota mætti húsnæði í Bildshöfða 18 sem gistiskýli fyrir hælisleitendur. Héraðsdómur hafi talið að starfræksla gistiskýlis væri í „andstöðu við þau sjónarmið um starfsemi á svæðinu sem mælt er fyrir um í aðalskipulagi og deiliskipulagi“, er vitnað til röksemda kærendanna. „Sömu sjónarmið eigi við fullum fetum í máli þessu enda séu málsatvik sambærileg að öllu leyti.“

Þá telji kærendurnir að gistiskýli samræmist ekki starfsemi í sömu byggingu að Grandagarði 1. Þar sé björgunarsveitin Ársæll og þar



Björgunarsveitin Ársæll er næst neyðarskýlinu sem er í Grandagarði 1a þar sem rauði bilinn er. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Neyðarskýlið var opnað 13. nóvember og rúmar 15 manns.

fari fram ein stærsta flugeldasala landsins. „Augljóst sé að slíkur rekstur fari ekki saman við rekstur gistiskýlis í samliggjandi húsnæði,“ er vitnað til kærendanna sem vísa aftur til dómsins vegna gistiskýlis að Bildshöfða 18 þar sem sambærilegar aðstæður hafi verið.

Fasteignaeigendurnir segi enn fremur að „ekki hafi verið rannsakað hvaða óæskilegu áhrif fyrir-

huguð starfsemi muni koma til með að hafa á rekstraraðila og eigendur fasteigna á svæðinu, meðal annars vegna fyrirsjáanlegra truflana og verðryrnunar sem hljófast muni af starfseminni.“

Í málsrökum borgarinnar segir að á umræddu svæði sé heimilt að vera með leyfi fyrir þjónustustarfsemi og sé neyðarskýlið skilgreint sem slík, það er sem samfélagsþjónusta. Ekki sé um að ræða gistipjónustu heldur úrræði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til aðstoðar skjólstæðingum þeirra. Umsóknin hafi ítrekað farið til umsagnar forvarnardeildar slökkviliðsins.

Úrskurðarnefndin segir að á svæðinu sé gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi og starfsemi sem almennt falli undir skilgreiningu athafnasvæða. Fjölbreyttari landnotkun sé þó heimil við Fiskislóð og Grandagarð. Samfélagsþjónusta sé skilgreind í ákvæði skipulagsreglugerðar og falli neyðarskýli fyrir heimilislausu vímuefnaneytendur undir það.

Einnig segir úrskurðarnefndin að forvarnardeild slökkviliðsins hafi samþykkt gistiskýlið. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við starfsemina þó að flugeldasala færi fram í húsinu. gar@frettabladid.is

Hafna því að hafa brotið þagnarskyldu

LÖGREGLUMÁL Saga Ýrr Jónsdóttir og Leifur Runólfsson, réttargæslumenn meintra brotþola Kristjáns Gunnars Valdimarssonar, hafna því að hafa brotið í bága við starfsskyldur sínar með ummælum sínum um málið í fjölmiðlum.

Í yfirlýsingu sem Saga Ýrr sendi fjölmiðlum í gær segist hún standa við gagnrýni sína á vinnubrögð lögreglunnar í málinu. Hún segir að með ummælum sínum þar að lútandi hafi hún hvorki brotið þagnarskyldu né starfsskyldur sínar að öðru leyti.

Þagnarskylda hvílir bæði á réttargæslumönnum og verjendum máls um það sem fer milli þeirra og skjólstæðinga þeirra og annað sem leyt á að fara og ekki er á almannavitorði. Þegar Saga Ýrr og Leifur veittu umrædd viðtöl var sakborningurinn í málinu í gæsluvarðhaldi á grundvelli rannsóknarhagsmuna og því ljóst að rannsókn málsins var, að



Saga Ýrr Jónsdóttir stendur við gagnrýni sína á vinnubrögð lögreglu.

mati lögreglu, á viðkvæmu stigi.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu vildi ekki staðfesta við Fréttablaðið að komið hefði til álit að krefjast þess að réttargæslumennirnir yrðu

leystir frá störfum vegna ummæla sinna um málið eins og heimildir blaðsins herma.

Yfirlýsing Sögu Ýrar var birt í heild sinni á frettabladid.is í gær. – aa

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

RISA LAGER



SPRENGJA

2.-11. janúar

**GERÐU KAUP ÁRSINS
NÚNA Í DAG >**

20-70%

Tilboð í verslun meðan á Lagerútsölunni stendur

**20-70% afsláttur af skiptidýnum og eldri gerðum,
sófum, hvíldarstólum í úrvali, náttborðum, lökum,
hótelhandklæðum, baðmottum, höfðagöflum.
sængum, teppum, rúmfötum, sloppum o.m.fl.**



**Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038**



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Svefn & heilsa



12 MÁN. VAXTALUSAR GREIÐSLUR / 3,5% LÁNTÖKUGJALD

Lager Völuteigi 19 | Mosfellsbæ | Sími 660 0038 | Opið virka daga kl. 10:00 - 18:30 | Laugardaga 12:00 - 16:00 | svefnogheilsa.is



Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs

Samkvæmt 37. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.

Með hliðsjón af framansögðu og 34 gr. tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 16.00 miðvikudaginn 15. janúar 2020.

Skila ber tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins. Kosið verður um formann, ritara, einn meðstjórnanda og níu fulltrúa í trúnaðarráð.

Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 18 fullgildra félagsmanna.

Reykjavík 2. janúar 2020

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja



Átján manns og hálfur milljarður dýra hefur látið lífið í gróðureldunum sem nú geisa í Ástralíu. FRÉTTABLAÐID/EPA

Enn loga gríðarlegir skógareldar í Ástralíu

Enn geisa miklir skógareldar í Ástralíu og hafa í það minnsta átján manns látið lífið í eldunum. Búist er við miklum hita og roki í landinu á morgun sem áætla má að geri slökkvistarf erfiðara. Mörg þúsund manns hafa flúið eldana.

ÁSTRALÍA Í það minnsta átján hafa látið lífið í skógareldunum sem geisað hafa í Ástralíu síðan í september og sautján er saknað. Eldarnir eru sagðir þeir skæðustu sem nokkurn tímann hafa orðið í álfunni. Eldarnir eru mestir í Nýja Suður-Wales og Suður-Ástralíu og hafa um fimm milljónir hektara af landi brunnið og yfir þrettán hundruð heimili eru eyðilögð. Þar hefur 381 heimili brunnið í Nýja Suður-Wales í þessari viku.

Gladys Berejiklian, fylkisstjóri Nýja Suður-Wales, hefur lýst yfir sjö daga neyðarástandi á svæðinu. Þúsundir manna, bæði ferðamenn og heimamenn, hafa verið fluttir frá austurströnd Ástralíu með hjálp frá ástralska hernum sem hefur notað pylrur, flugvélar og skip við björgunina. Scott Morrison, forsætisráðherra Ástralíu, segir að búast megi við því að neyðarástand muni ríkja í landinu næstu mánuði.

381 heimili hefur eyðilagst í Nýja Suður-Wales í þessari viku.

Mikill hiti hefur verið í Ástralíu undanfarnar vikur og hefur hann farið upp í 40 gráður í öllum landshlutum. Síðustu daga hefur kólnað örlítið og með kólnandi veðri hefur slökkvistarf gengið betur ásamt því að fólki hefur gefist tækifæri til að kaupa inn mat og nauðsynjavörur. Miklar raðir hafa myndast við bensinstöðvar og verslanir og mikil umferð er á hraðbrautum. Talið er að enn geisi eldar á 200 stöðum í landinu.

Búist er við miklum hita í Ástralíu á morgun ásamt hvössum vindi, en mikið rok hefur gert slökkviliði

erfitt fyrir við að slökkva eldana síðustu mánuði. Berejiklian segir mikilvægt að gera ráðstafanir vegna veðursins sem spáð er og forða þurfi fólki frá svæðum þar sem mestu eldarnir loga. „Þetta eru ekki auðveldar ákvarðanir en við viljum vera viss um að hafa gripið til ýtrustu varúðarráðstafana svo að við séum viðbúin því sem gæti gerst á laugardaginn, sem gæti orðið hræðilegur dagur.“

Skógareldarnir hafa haft mikil og neikvæð áhrif á loftgæði í landinu og hafa loftgæði í höfuðborginni Canberra aldrei mælst verri. Forsætisráðherrann sagði við fjölmiðla í gær að nær ómögulegt virtist að ná tókum á eldunum og að óskandi væri að það færi að rigna. „Eldarnir sem hafa logað mánuðum saman munu loga áfram þar til við fáum rigningu sem ræður við þá,“ sagði Morison.

birnadrofn@frettabladid.is

Castro dregur framboð sitt til baka

BANDARÍKIN Julian Castro, fyrrverandi húsnaðismálaráðherra Bandaríkjanna og fyrrverandi bæjarstjóri í San Antonio í Texas, hefur dregið til baka framboð sitt í forvali Demókrataflokkssins til forsetaframbjóðanda í komandi kosningum. Castro tókst hvorki að afla nægilegs fjármagns né stuðnings til að geta tekið þátt í næstu sjónvarpskappræðum frambjóðendanna.

Castro greindi frá ákvörðun sinni á samskiptamiðlinum Twitter í gær þar sem hann sagðist stoltur af þátttöku sinni í kosningunum.

„Ég er svo stoltur af kosningaherferðinni sem við höfum átt saman. Við höfum mótað samtal um ótal mörg mikilvæg mál, staðið upp fyrir þá sem eru berskjaldaðir og gefið þeim sem gjarnan gleymast rödd. En þegar einungis mánuður er í flokksfundinn í Iowa og aðstæður hafa breyst hef ég ákveðið að nú sé ekki okkar tími. Í dag tilkynni ég því með sorg í hjarta en fullur þakklætis að ég dreg til baka framboð mitt til forseta.“



Julian Castro hefur gagnrýnt innflytjendastefnu Trump. FRÉTTABLAÐID/EPA

Castro var eini frambjóðandi Demókrataflokkssins af rómönskum uppruna en afi hans flutti til Bandaríkjanna frá Mexíkó í leit að betra lífi. Castro hefur talað fyrir réttindum innflytjenda í Bandaríkjunum í kosningabaráttu sinni og hefur hann einnig gagnrýnt

núverandi forseta, Donald Trump, fyrir innflytjendastefnu hans.

Eftir að Castro dró til baka framboð sitt eru eftir fjórtán frambjóðendur í forvali Demókrataflokkssins. Forsetakosningar fara fram í Bandaríkjunum í nóvember næstkomandi. – bđj

ÚTSALAN ER HAFIN

GOOGLE HOME MINI GAGNVIRKUR HÁTALARI
GOOGLEHMINIS-H-A

ÁÐUR: 7.995

5.995

-25%

PHILIPS GUFUBURSTI
GC36120

ÁÐUR: 13.990

8.995

-36%

GOURMIA SLOW JUICER SAFAPRESSA
GSJ200

ÁÐUR: 12.995

8.995

-31%

PHILIPS 55" UHD SNJALLSJÓNVARP
55PUS7354

ÁÐUR: 149.895

99.995

-33%

SAMSUNG GALAXY A50
SMA505BLA-PIN-WHI

ÁÐUR: 49.990

39.995

-20%

PS4 JUST CAUSE 4
PS4JC4

ÁÐUR: 4.994

1.995

-60%

ELKO

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

ILVA

Íttisalan

ER HAFIN!

27. DES. - 6. FEB.

ALLT AÐ

70%

AF VÖLDUM VÖRUM



Ástand heimsins



Fjöldi fólks safnaðist saman og mótmælti niðurrífi Y-blokkarinnar í Ósló í gær. Byggingin var ein af ríkisstjórnarbyggingum Noregs áður en hún var sprengd í hryðjuverka-áráðs þann 22. júlí 2011 og átta manns létu lífið.



EastMed-samkomulagið var undirritað í Zaepi-höllinni í Apenu, höfuðborg Grikklands, í gær. Samkomulagið er milliríkjasamningur um jarðgasleiðslur á milli Grikklands, Kýpur og Ísraels. Forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanyahu, flutti ávarp í höllinni eftir undirritun samningsins.



Forsetakosningar fara fram í Taívan þann 11. janúar næstkomandi og sækist sitjandi forseti landsins Tsai Ing-wen eftir endurkjöri. Hún mætti á viðburð tengdan kosningunum í höfuðborg landsins Taípei í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Þessi ungi maður tók þátt í kynningu á „Bréfi ársins 2020“ sem kynnt var á Kúbu í gær. Kynning bréfsins er árleg hefð þar sem Babalow prestar kúbönsku Sanateria-kirkjunnar fara yfir spádóma ársins. Fyrir árið 2020 spáðu prestarnir meðal annars auknum veikindum í landinu og valdaráni.



Það var jólalegt um að litast í Moskvu í gær þegar leikarar sýndu verkið „Leiðin að jólu- unum“. Rússar fögnuðu áramótunum þann 31. desember en fagna ekki jólu- unum fyrr en þann 7. janúar. Þrettán dögum eftir að jóladag ber upp í gregoríska tímatalinu.

-ÁN-
VIÐBÆTTIS
SYKURS

Sirius



Rjómasúkkulaði



Þetta sígilda án viðbætts sykurs


NÓIR SÍRÍUS


cocoa
HORIZONS

SKOÐUN

Áratug síðar



Hörður
Ágísson
hordur@frettabladid.is

Efnahagsástandið var ekki gæfulegt við upphaf síðasta áratugar. Djúpstæður efnahagssamdráttur, mikið atvinnuleysi, raungengi krónunnar langt undir sögulegu meðaltali og vextir um tíu prósent. Mikil óvissa var um framhaldið – ekki sist um erlenda skuldastöðu þjóðarbúsins – og fáir höfðu svör við því hvernig hægt yrði að afnema fjármagnshöft án þess að eiga hættu á annarri efnahagslegri kollsteypu. Staðan var því svört. Hún hefði engu að síður getað orðið verri ef þáverandi ríkisstjórn hefði tekist það ætlunarverk sitt að fá þjóðina til að gangast í ábyrgð fyrir löglausum Icesave-kröfum gamla Landsbankans. Þeir samningar, sem hefðu kostað okkur um 200 milljarða í gjaldeyri vegna vaxta-greiðslna til Breta og Hollendinga, hefðu gert það verkefni að losa um höftin enn erfiðara en ella.

Almenningi tókst hins vegar að hafa vit fyrir stjórnvöldum og forða þjóðinni frá niðurlægingu. Það var því vel til fundið að tíu árum eftir að talsmenn samtakanna InDefence gengu á fund Ólafs Ragnars Grímssonar og afhentu honum undirskriftir 56 þúsund Íslendinga sem skoruðu á hann að synja Icesave-lögunum staðfestingar hafi núverandi forseti sæmt Sigurð Hannesson, sem var í forsvari samtakanna og síðar einn helsti ráðgjafi stjórnvalda við losun hafta, heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu, meðal annars fyrir aðgerðir undir merkjum InDefence. Grasrótarstarf InDefence átti eftir að hafa viðtækari áhrif en aðeins á lýktir Icesave-málsins. Í kjölfarið varð sá skilningur almennt viðurkenndur að Ísland þyrfti að nýta rétt sinn sem fullvalda ríki til hins ýtrasta til að leysa með heildstæðum hætti þann fordæmalaus greiðslufjafnaðarvanda sem þjóðarbúið stóð þá frammi fyrir.

Það varð úr. Að frumkvæði Seðlabankans voru slitabúin færð undir höftin í mars 2012 og þremur árum síðar voru kynntar sérsníðnar lausnir, útbúnar af íslenskum ráðgjöfum stjórnvalda, um afnám hafta sem markaði þátta-skil í efnahagslegri endurreisn landsins. Haftaáætlunin, sem hafði ekki nein lagaleg eftirmál, var lykilatriði við að breyta á svipstundu væntingum fjárfesta, fyrirtækja og almennings gagnvart framtíð hagkerfisins. Efnahagslegi ávinningurinn fólst því ekki aðeins í þeim 500 milljarða eignum sem kröfuhafar samþykktu að framselja endurgjaldslaust til stjórnvalda.

Íslendingar – stjórnvöld, atvinnulífið og almenningur – hafa náð ótrúlegum efnahagslegum árangri á liðnum áratug sem við megum vera stolt af. Lánshæfismat ríkisins, sem hefur hækkað hraðar en dæmi eru um í fjármálasögunni, er komið í A-flokk, vextir hafa aldrei verið lægri samhliða því að verðbólga hefur haldist lág, skuldir ríkissjóðs hafa lækkað um 600 milljarða á fimm árum, erlend fjárfesting hefur stórkostlega, Seðlabankinn ræður yfir stórum óskuldsettum gjaldeyrisforða og erlend staða þjóðarbúsins er á pari við stöndugustu ríki í Evrópu. Launþegar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Kaupmáttur launa jókst um liðlega 50 prósent sem er meira en þekktist í nokkru öðru ríki sem við berum okkur helst saman við.

Óhætt er að fullyrða að enginn óbilaður maður hefði spáð fyrir um það í ársbyrjun 2010 að þjóðarbúið stæði á jafn sterkum grunni tíu árum síðar. Það er hins vegar reyndin – og á þeim tímamótum er ágætt að hafa það hugfast að þetta gerðist ekki allt af sjálfu sér.

Halldór



Frá degi til dags

Bjargvætturinn

Í gær var tilkynnt að Helga Jónsdóttir hefði verið sett tímabundið í embætti ríkissáttasemjara á meðan unnið er að ráðningu eftirmanns Bryndísar Hlökkversdóttur. Þetta er kannski ekki heppilegasti tíminn til að skipta um sáttasemjara þar sem miklar annir eru fram undan við samningagerð hjá opinberum starfsmönnum. Embættinu er þó mikill fengur að Helgu sem fer að verða sérlegur bjargvættur hins opinbera. Hún var einmitt fengin til að stýra Orkuveitu Reykjavíkur þegar mesta ólgan var í kringum fyrirtækið. Nú er bara að bíða og sjá hvaða opinbera stofnun þarf næst á hjálp hennar að halda.

Lærdómur Bjarna

„Ef það er eitthvað sem maður hefur lært á sautján árum í stjórn málmum, þá er það að þessar kannanir segja ekkert.“ Þetta sagði Bjarni Benediktsson í Kryddsild Stöðvar 2 á gamlársmorguninn sem sýndi Samfylkinguna stærri en Sjálfstæðisflokkinn voru birtar. Í gær birtist svo Þjóðarpúls Gallup. Þar var Sjálfstæðisflokkurinn aftur orðinn langstærstur. Maður lærir greinilega sitthvað á sautján árum í pólitík. Vonandi áttar Bjarni sig samt að Gallup-könnunin segir heldur ekki neitt. sighthvatur@frettabladid.is

Verðtrygging leiðir til hærri vaxta og óstöðugleika



Örn Karlsson
vélaverkfræðingur

Gefum okkur þá sviðsmynd að öll útlán fjármálakerfisins séu verðtryggð. Gefum okkur síðan að þau atvik verði að peningamagn í umferð eykst umfram vöxt raunhagkerfisins og verðbólguþrýstingur myndast. Hagkerfið fer þá í þann ham að ryðja sig þannig að misgengi raunhagkerfis og peningamagns í umferð jafnist út með hækkun nafnverðs vöruflorunnar.

Verðbólga er náttúrulegt fyrirbrigði sem verður þegar misgengi ádurnefnda myndast.

Þegar allar fjármáalegar eignir eru verðtryggðar nær hagkerfið ekki að ryðja sig, verðtryggingin bætir jafnóðum við peningamagnið með verðbótapætti á lánin. Verðbólgan fer þá í viðvarandi spiral.

Ef hluti hinna fjármáalegu eigna er óverðtryggður nær hagkerfið að ryðja sig í gegnum þær. Rýrnun hinna óverðtryggðu eigna verður þannig hlutfallslega meiri eftir því sem verðtryggðar eignir eru hærri hlutfall fjármáalegra eigna. Þannig er ljóst að eftir því sem verðtryggðar eignir eru hærri hlutfall allra fjármáalegra eigna verður áhætta meiri á hinum óverðtryggðu sem leiðir beint til þess að þær bera hærri vexti en ella.

Verðtryggingin leiðir þannig til truflunar á náttúrulegri aðlögun hagkerfisins sem leiðir til fjármáalegs óstöðugleika, þar með talið hærri vaxta á óverðtryggðum eignum.

Verðtryggingu var komið á vegna þess að við sem samfélag gáfumst upp á að glíma við rót vandans, misgengið milli vaxtar raunhagkerfisins og peningamagnsins. Verðtrygging truflar sýn á þá viðvarandi glímu.

Við eigum eftir að lifa með krónunni um langt skeið enn. Afnám verðtryggingar er ein forsenda þess að óhjákvæmilegt samlíf okkar með krónunni verði bærillegt.



Enginn óbilaður maður hefði spáð fyrir um það í ársbyrjun 2010 að þjóðarbúið stæði á jafn sterkum grunni tíu árum síðar.

SAFNIÐ

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ IS

Hver ákvað að klára Hraunbitana?

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Hið alislenska súkkulaði Hraun hefur verið hluti af minni tilveru frá því ég fyrst man eftir mér. Það er engin tilviljun að Hraunið hafi staðið af sér alþjóðlega samkeppni í alla þessa áratugi. Það er eitthvað óviðjafnanlegt við Hraun sem mun aldrei verða leikið eftir. Kannski er ekki hægt að búa til súkkulaði eins og Hraun nema maður hafi verið í íslenskri útilegu í tjaldi eða tjaldvagni og drukkið íslenska kókó-mjólk og borðað rækjusamlokur frá Sóma. Hraunið á sér sérstakan stað í þjóðarsálinni.

En þrátt fyrir sína sérislensku eiginleika og rötföstu tilvist í íslenskri menningu þá hefur Hraunið ekki farið alls kostar varhluta af alþjóðlegri þróun og kapítalískri neysluhyggju. Framleiðslan á Risa-Hrauni var ekki eina byltingin, heldur hefur tilkoma Hraunbitanna líklega valdið stærstu straumhvörfunum í tilvist þeirra. Ekki þykist ég vita nákvæmlega hvaða markaðsrannsóknir lágu upphaflega á bak við þróun vörunnar út í bitaformið. Mér finnst ekki ósennilegt að stjórnendur Góu hafi

orðið þess áskynja að það tíðkaðist víða að skera Hraun niður í smærri bita til útdeilingar í veislum. Hið stökka eðli Hraunsins gerði það þó að verkum að slíkum aðgerðum gat fylgt leiðinlegur subbuskapur þar sem mylsna og brot af súkkulaði áttu það til að skjótast undan niðurskurðarhnífum út um öll gólf. Hvort sem það var ætlunin eða ekki þá komu Hraunbitarnir mjög vel til mótis við þetta neyslumynstur.

Með tilkomu Hraunbita í kassa var því hægt að bera á borð í veislum litla skammta af súkkulaðinu vinsæla án þess að hófsemdarfólk þyrfti að ráðast til atlögu við heila stöng. Þannig gat pena og neyslugranna fólkið stungið upp í sig einum mátulegum bita, en börn og aðrir minna þroskaðir menn gátu vælt út annan og jafnvel þriðja bitann. Hraunbitar í lokanlegum öskjum virtust því vera hin fullkomna lausn fyrir hagsýnan og heilsusamlegan heimilisrekstur. Allt er gott í hófi.

Rannsókn á Hraunbitum

En síðari tíma rannsóknir mínar, ásamt margra ára reynslu, hafa hins vegar gefið mér tilefni til þess að ætla að neyslumynstur á Hraunbitum hafi víða farið í aðrar áttir en upphaflegar áætlanir stóðu til. Það er til dæmis algengt að pakkningar af Hraunbitum, sem ætlaðar eru til varðveislu uppi í skáp eða hófsemdarlegrar neyslu á löngu tímabili, hljóti allt önnur örlög. Það mun ekki óalgengt að slíkar pakkningar hreinlega klárast skyndilega án þess að vitað sé til þess að tekin hafi

verið upplýst ákvörðun um að þeir skyldu kláraðir. Það kveður jafnvel stundum svo rammt að, að kassar af Hraunbitum klárast þrátt fyrir að tekin hafi verið bjargföst ákvörðun um að borða þá einmitt alls ekki og slíkar ákvarðanir staðfestar með háfleygum heitstrengingum. Það gerist bara samt. Og enginn veit af hverju.

Jú, á yfirborðinu er augljóst hvað það er sem gerist. Hönd læðist ofan í kassa, krækir í bitann, ber hann að munni. Tennur maula hann niður og áður en honum er kyngt hefur höndin aftur vegferð sína ofan í kassann til að sækja þann næsta. Þannig gerist þetta koll af kolli þangað til ekkert er eftir nema mylsnan í botninum. Þeir sem hafa mikla sjálfsstjórn henda þá kassanum en aðrir leyfa sér þann mun að að safna mylsnunni saman í lófann og gleypa hana líka. Þeir eru hvort sem er búnir að borða svo marga bita að það munar ekki um smælkið. Óþarfi að fara að bæta matarsóun ofan á ofneysluna á umhverfissakaskránni.

Einfalt en erfitt

Við áramót ætla margir sér að bæta ráð sitt með einum eða öðrum hætti. Flest markmiðin snúast annars vegar um að byrja á eða gera meira af einhverju æskilegu, og hins vegar að hætta eða gera minna af einhverju óæskilegu.

Allt virkar það sáraeinfalt. Við einfaldlega ákveðum að gera eitthvað og gerum það svo. Lesum fleiri bækur, hlaupum fleiri kílómetra, heimsækjum oftast ættingja. Það



Með tilkomu Hraunbita í kassa var því hægt að bera á borð í veislum litla skammta af súkkulaðinu vinsæla án þess að hófsemdarfólk þyrfti að ráðast til atlögu við heila stöng.

er ekki flókið. Jafnvel enn þá einfaldara er að hætta að gera eitthvað. Það þarf ekki einu sinni að gera neitt til að ná slíkum markmiðum, bara að reykja ekki sigarettur, borða ekki sælgætið, drekka ekki bjórinn, hanga ekki í tölvunni. Það er beinlínis fyrirhöfn fölginn í því að brjóta áramótaheitið; að gera eitthvað sem ekki stendur til að gera í staðinn fyrir að sleppa því.

En mannskepnan er flókið fyrirbæri og lýtur ekki alltaf stjórn, jafnvel ekki sinni eigin. Alls konar hversdagslegir hlutir eru hannaðir sérstaklega til þess að koma upp á milli meðvitaðra ákvarðana okkar og ómeðvitaðra langana. Samfélagsmiðlar eru hannaðir eins og spilakassar til að ræsa þörf eftir spennu og viðurkenningu, matvara er stútfull af efnum sem gera okkur erfiðara að hafa stjórn á neyslunni og streymisveiturnar eru forritaðar til þess að halda okkur sem lengst limdum við skjáinn.

Þetta eru þó smávægileg viðfangsefni miðað við það sem gerist þegar fólk festist í viðjum alvar-

legrar fiknar í vímuefni og sterk lyf. Slík fikn getur á undraskömmum tíma farið langt með að leggja líf fólks í rúst. Þess konar hörmungar fara ekki í manngreinarálit og geta breytt hverjum sem er í óþekkjanlega útgáfu af sjálfum sér.

Sá sem ætlar sér að ná jafnvel hinu einfaldasta áramótaheiti eða markmiði ætti því ekki endilega að trúa því að viljinn sé allt sem þarf. Það er erfitt að breytast og getur verið sársaukafullt að slita sig úr viðjum vana og fiknar. Ástæðan fyrir því að flestar heitstrengingar um áramót fara forgörðum er ekki sú að fólkið sjálft sé viljalaust, heldur einmitt að þær eru í eðli sínu erfiðar. Og það er ekki merki um aumingjaskap þegar fólk verður alvarlegri fikn að bráð. Engum er greiði gerður með því að halda að slíkt geti ekki komið fyrir hann sjálfan eða einhvern honum nákominn.

Enga uppgjöf

Áramót eru eins og önnur tímamót góð til þess að skoða sjálfan sig og setja markmið. En þótt mörg þeirra séu einföld þýðir það ekki endilega að þau séu auðveld. Meira að segja einföldustu ákvarðanir eins og að borða ekki Hraunbitana úr kassanum í skápnum geta farið út um þúfur þrátt fyrir góðan vilja og einbeittan ásetning. Líklega skiptir mestu að sýna sjálfum sér skilning en þó ekki of mikinn heldur strengja þess umfram allt heit að gefast aldrei endanlega upp í þeirri viðleitni að verða skárri manneskja.




Landsvirkjun

ORKU RANNSÓKNA SJÓÐUR

ERT ÞÚ AÐ RANNSAKA ORKU OG UMHVERFI?

Náttúrulegir orkugjafar, ný nálgun og hugvitsamlegar lausnir móta orkuvinnslu framtíðarinnar. Við óskum eftir umsóknum til Orkurannsóknasjóðs Landsvirkjunar sem veitir styrki til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála.





Til úthlutunar úr sjóðnum 2020 eru um 57 milljónir króna.



Kynntu þér málið á landsvirkjun.is. Umsóknarfrestur er til 13. janúar 2020.

BONUS BONUS BONUS Kipputilboð BONUS BONUS BONUS



0,5l

79 kr./500 ml

Toppur án bragðefna, 500 ml
Toppur Sítrónu, 500 ml



398 kr./4x2 l

Toppur án bragðefna, 4x2 l
Toppur Sítrónu, 4x2 l



98 kr./500 ml

UpGrade Íþróttadrykkur
500 ml, 4 teg.



139 kr./pk.

Himneskt Maískökur
Lífrænt, 50 g, 2 tegundir



159 kr./stk.

Go On Próteinstykki
50 g, 3 tegundir

HOLLUSTA Á GÓÐU VERÐI



1kg

259 kr./1 kg

Bónus Tröllahafrar
1 kg

Vistvænni bleiur



1.198 kr./pk.

Bambo Nature bleiur
4 tegundir - Dönsk gæðavara

Vistvænni blautpurrrkur

60 stk. í pakka - Ekkert plast



298 kr./pk.

Happy Planet Blautpurrrkur
60 stk.

Verð gildir til og með 5. janúar eða meðan birgðir endast.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Réttur mánaðarins



1.398 kr./900 g

ES Kjúklingabringur
Frosnar, 900 g, Danmörk



Fulleldað
Aðeins að hita

998 kr./1 kg

Bónus Plokkfiskur
Fulleldað, 1 kg



Lágkolvetna
Próteinbrauð

Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12 g kolv. pr. 100 g

398 kr./420 g

Bónus Próteinbrauð
420 g



259 kr./1 kg

Bónus Kornbrauð
1 kg



195 kr./kg

Grape
í lausu, Spánn



159 kr./kg

Vatnsmelónur
í lausu, Brasilía



198 kr./pk.

Sellerí
350 g, Spánn

BONUS

EKKERT
BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi og Skeifunni: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

SPORT

Smassaði sjö stigum til Dýrðlinganna

Árni Þór Helgason, stuðningsmaður Southampton, hefur séð viðsnúning liðsins með eigin augum en liðið er taplaust frá því hann fór út á öðrum degi jóla. Aðrir stuðningsmenn liðsins hrópa á hann og fjölskylduna og biðja hann um að fara aldrei aftur til Íslands.

FÓTBOLTI Árni Þór Hallgrímsson, margfaldur Íslandsmeistari í badminton og núverandi badmintonþjálfari hjá TBR, er staddur í Southampton þessa dagana þar sem hann hefur horft á sitt lið vinna hvern sigurinn á fætur öðrum. Hann ætlar að framlengja ferðina til að horfa á bikarleik liðsins gegn Huddersfield um helgina og ef hann vinnst er spurningin hvort honum verði almennt hleypt heim. Hvort hann sé ekki orðinn lukkutróll liðsins, en liðið hefur farið á flug eftir að Árni birtist og ekki tapað leik.

„Ég var nú að vona að maður myndi ná einu jafntefli eða einu stigi en þau eru orðin sjö, sem er ekkert minna en stórkostlegt,“ segir Árni kampakátur.

Árni og fjölskylda fóru utan 25. desember og byrjuðu á að sjá liðið mæta á Stamford Bridge í Lundúnum þar sem óvæntur en öruggur 0-2 sigur kom í hús gegn Chelsea. Síðan kom 1-1 jafntefli við Crystal Palace og á nýársdag var sjálfur José Mourinho og hans menn í Tottenham lagðir 1-0. Árni segir að stuðningsmenn Southampton hafi gólað oft á eftir sér eftir leikinn gegn Tottenham um að hann fái ekkert að snúa heim til Íslands. „Þeim finnst þetta vera mikið happ að ég sé hérna. Ég er nú búinn að fara svo oft á leiki án þess að sjá sigur þannig að það var kominn tími á að sjá sigurleik. Ég hef eiginlega alltaf séð jafntefli eða tap.“

Þrír sigurleikir á The Dell

Árni byrjaði að halda með liðinu fyrir margt löngu. Frændi hans var í háskóla í borginni og fólkið sem hann dvaldi hjá kom til Íslands þar sem Árni kynntist því. Þegar hann var svo 15 ára fór hann og dvaldi hjá fjölskyldunni og skellti sér fjórum sinnum á gamla góða The Dell þar sem hann sá liðið vinna þrisvar og gera eitt jafntefli. Liðið endaði í öðru sæti, þremur stigum á eftir Liverpool sem varð meistari. „Þarna voru Steve Moran og Danny Wallace, Peter Shilton var í markinu og fleiri góðir. Það er besti árangur liðsins frá upphafi í deildinni. Ég hef farið á nokkuð marga leiki í gegnum tíðina og verið í sambandi við þessa fjölskyldu síðan.“

Southampton situr nú í 12. sæti ensku úrvalsdeildarinnar með jafn mörg stig og Everton og Newcastle og viðsnúningurinn eftir niðurlægjandi 0-9 tap gegn Leicester



Eftir leikinn gegn Tottenham hittir Árni Þór markaskorarann og gæðablóðið Danny Ings og smelli af mynd.



Sigríður og Árni Þór kominn á Stamford Bridge í London.

●● Ég var nú að vona að maður myndi ná einu jafntefli eða einu stigi en þau eru orðin sjö, sem er ekkert minna en stórkostlegt.

hefur verið magnaður. Næst er það bikarkeppnin en þar fær liðið Huddersfield í heimsókn sem Árni ætlar ekki að missa af. „Það var ekki búið að draga í bikarnum þegar ég keypti ferðina og vissi ekkert hvernig það myndi enda. En fyrst við fengum heimaleik þá lætur maður sig ekki vanta. Það er bónusleikur.“
benediktboas@frettabladid.is



Fyrir leikinn gegn Crystal Palace sem fór fram 28. desember. Daniel, Jóhannes, Sigríður, Sigurbjörg, Árni Þór, Ingibjörg og Þorkell.

Stjarnan dregin fyrir dómstóla vegna merkinga á búningnum

ÍÞRÓTTIR Eftir tæpar tvær vikur verður fyrirtaka í máli Namo ehf., sem hefur umboð fyrir Jakó-íþróttavörur, gegn Stjörnunni. Málið verður tekið fyrir í héraðsdómi Suðurnesja. Málið snýst í grunninn um merkingar á fatnaði Stjörunnar, samkvæmt upplýsingum frá formanni Stjörunnar, Sigurði Bjarnasyni.

„Þetta fjallar um Stjörnumerkið sjálft. Þeir vilja meina að Stjörnbúningurinn innihaldi ekki merkið sjálft. Þeir sendu okkur sérreikning fyrir því – löngu eftir að samningurinn tók gildi – en við viljum meina að í Stjörnbúningnum felist það að það sé merking á búningnum með Stjörnumerkinu sjálfu,“ segir Sigurður.



Hlynur Bæringsson segir mönnum til í Jakó-búningi. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

●● Þetta byrjaði á því að þeir gerðu búningana og settu Stjörnumerkið á. Síðan töluvert síðar byrjaði fyrirtækið að senda okkur sérreikninga fyrir merkingu.

Málið hefur verið töluvert lengi að veltast um á milli aðila. Þannig var í febrúar í fyrra tekið fyrir í fundargerð félagsins erindi sem hafði borist frá lögfræðingi Namo vegna deilunnar. Kristján Thorla-

cius, hæstaréttarlögmaður hjá Fortis og stjórnarmaður í Stjörnunni, tók málið að sér fyrir hönd aðalstjórnar Stjörunnar.

Jako var með samning við allar deildir félagsins fyrir utan fótboltann og var með utanyfirgalla alls félagsins. „Þetta byrjaði á því að þeir gerðu búningana og settu Stjörnumerkið á. Síðan töluvert síðar byrjaði fyrirtækið að senda okkur sérreikninga fyrir merkingu. Þetta fjallar aðallega um búninga meistaraflokkanna,“ bætir Sigurður við.

Stjarnan er ekki lengur í Jako. „Það var engin riftun eða neitt slíkt. Samningurinn rann bara út og við erum núna með annan aðila,“ segir hann. Ekki náðist í forsvarsmenn Jako en búðin var lokuð í gær. – bb



FÖSTUDAGUR 3. JANÚAR 2020

Lífsstíll



Pungarokkarinn fetar nýjar slóðir

Það má segja að Þráinn Árni Baldvinsson hefji nýtt líf á nýju ári. Hljómsveitin Skálmöld hefur átt tónlistarhug hans allan en nú hefur hún tekið sér ótímabundna hvíld eftir tíu ára stanslausu sigurgöngu og það opnar á aðra möguleika í sköpun og spilamennsku. ➔2

Fjölskyldan á auðvitað að vera númer eitt en hljómsveitin er frek á tíma og athygli og þó konurnar okkar styðji okkur, mæti á tónleika og svoleiðis þá geta þær aldrei alveg tekið þátt í þessu lífi og það er líka flókið, segir Þráinn, en þeir eru sex í hljómsveitinni ásamt ýmsum hjálparmönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ALLIR ÞUÐAR
20 - 40%
AFSLÁTTUR

JANÚARÚTSALA

10 - 50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM



Unfurl svefnsofi kr. 109.900
NÚ KR. 54.950

-50%



Minimal veggklukka kr. 9.400
NÚ KR. 5.640

-40%



Marble round sófaborð kr. 49.900
NÚ KR. 34.930

-30%

-40%



Reina ljós/vasi kr. 26.700
NÚ KR. 16.020



Orbital kertastjaki kr. 16.400
NÚ KR. 9.840

-40%



Lub veggljós kr. 22.500
NÚ KR. 15.750

-30%



Sir William stóll kr. 119.800
NÚ KR. 95.840

-20%

LÍNAN

BÆJARLIND 14 - 16 KÓPAVOGUR SÍMI 553 7100 WWW.LINAN.IS

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Framhald af forsiðu ➔

Ferill þungarokkssveitarinnar Skálmaldar hefur verið glæstur svo ekki sé meira sagt. Á tíu árum hefur hljómsveitin gefið út sex plötur, sett upp tónleikasýningu í Borgarleikhúsinu, tvisvar leikið með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands í Hörpu (2013 og 2018) og farið í fjölmargar tónleikaferðir um Evrópu þvera og endilanga. Nú hefur hljómsveitin ákveðið að taka sér hlé um óákveðinn tíma. Aðdragandinn að enda-lokunum hefur verið langur. „Við tilkynntum þetta í september og viðbrögðin hafa verið sterk,“ segir Þráinn. „Fólk stoppar mann í búðum og biður okkur að hætta ekki. En þessi pása er nauðsynleg því við erum búnir að vera á fullu í tíu ár og nú er kominn tími til að sinna fjölskyldunum okkar og öðru í lífinu.“ Hljómsveitin hélt þrenna lokatónleika fyrir stappfullu Gamla bíói á vetrarsól-stöðum og það var að sögn Þráins mögnuð upplifun. „Fyrstu tónleikarnir gengu rosalega vel, á næstu fékk ég rykkorn í augað og stóð agndofa og horfði á fólk. En svo voru síðustu tónleikarnir eitthvað svo fullkomnir, orkan í salnum, orkan hjá okkur, það var ekkert sem ég hefði getað bent á og sagt: Þetta hefði átt að vera öðruvísi! Ég hélt að ég yrði kannski eyðilagður á eftir en tilfinningin var bara: Nú er þetta búíð í bili, komin tíu ár og gæti ekki endað betur.“

Alls ekkert drama

Hann þvertekur fyrir að pásan sé tilkomin vegna ósættis eða annarra dramatískra viðburða. „Þegar við förum í fyrsta tónleika-ferðalagið okkar hétum við því að það fengi ekkert að eyðileggja þetta fyrir okkur. Við myndum alltafláta þetta ganga, þó einhver einn yrði pirraður eða tveimur sinnaðist eitthvað og það hefur haldist,“ segir hann. „Það sem var að frústrera okkur núna var að vera svona lengi frá fjölskyldunum okkar því eftir því sem betur gengur verða túrarnir lengri og fjarveran meiri. Við erum auðvitað mjög þakklátir fyrir velgengnina og þetta er búíð að vera æðislega gaman en við höfum til dæmis flestir eignast börn á þessum tíu árum sem við missum af á löngum tímabilum og enginn okkar er sáttur við það. Svo við ákváðum að nú væri kominn tími til að fagna því sem við höfum náð að gera, skoða myndirnar og rifja upp staðina og upplifanirnar sem stundum var ekki tími til að vinna úr. Dagskráin á tónleikaferðalögum er alltaf mjög þétt og ég tek stundum sem dæmi að þó við höfum spilað átta sinnum í París hef ég aldrei farið í Eiffelturninn.“

Þægilegt líf á þungarokksferðalagi
Hann viðurkennir að líf þunga-rokkara á tónleikaferðalagi geti oft verið ansi þægilegt. „Þú ferð út úr raunveruleikanum og inn í eitt-hvert ævintýri þar sem er séð fyrir öllum þínum þörfum og þú þarft bara að borða, sofa og spila fyrir fólk sem elskar það sem þú ert að gera. Og svo hringirðu heim og þá eru raunveruleg vandamál, billinn bílaður eða einhver með gubbu-pest og þú í Rúmeníu og getur ekkert gert.“ Skilin milli ævintýris og raun-veruleika hafi oft verið ansi skörp. „Fyrst þegar við vorum að byrja að túra þá var ég tónlistarkennari og umsjónarkennari í Norð-lingaskóla og ég man eftir einu skipti þegar við klárum magnaða



“Ég tek stundum sem dæmi að þó að við höfum spilað átta sinnum í París hef ég aldrei farið í Eiffelturninn.

tónleika í Austurríki á sunnudagskvöldi, förum beint út á flugvöll og vorum mættir heim eldsnemma á mánudagsmorgni. Ég átti að byrja að kenna klukkan tíu og ætlaði að undirbúa kennsluna en svo voru forföll í fyrsta bekk svo ég var farinn að kenna sex ára börnum að draga til stafs, bara nokkrum klukkutímum eftir að ég hafði verið rokkstjarna á tónleika-ferð í útlöndum,“ segir Þráinn og bætir við: „Við höfum alltaf þurft að vinna dagvinnu meðfram því að vera í hljómsveit og það hefur haldið okkur á jörðinni auk þess sem við erum duglegir að koma hver öðrum inn í raunveruleikann þegar rokkstjórnustælar skjóta upp kollinum.“

Hljómsveitin frek á tíma
Hann segir togstreituna á milli fjölskyldunnar og hljómsveitarinnar hafa aukist eftir því sem velgengnin jókst. „Fjölskyldan á auðvitað að vera númer eitt en hljómsveitin er frek á tíma og athygli og þó konurnar okkar styðji okkur, mæti á tónleika og svoleiðis, þá geta þær aldrei alveg tekið þátt í þessu lífi og það er líka flókið. Við erum sex í hljómsveitinni, svo er alls konar fólk sem vinnur fyrir okkur, við erum með

skuldbindingu við fjölskyldurnar okkar en líka við það fólk og það verður óhjákvæmilega togstreita. Við erum kannski að reyna að koma í veg fyrir að þetta splundrist með því að taka okkur þetta hlé. Því við erum hvernig nærri hættir. Við eigum efni í nokkrar plötur á teikniborðinu og eigum eftir að túra bæði Bandaríkin, Suður-Ameríku og Japan, höfum sagt nei við slíkum túrum einfaldlega vegna þess hvað þeir taka langan tíma. Eitt af því sem við erum að læra er að segja nei.“ Ein algengasta spurning sem hljómsveitin fær er hvort meðlimir séu ekki orðnir ríkir á öllum vinsældunum. „Nei,“ segir Þráinn og hlær. „En það eru ákveðin hlunnindi sem fylgja þessu, ég fæ kannski sendar gítargræjur til að prófa og ýmislegt annað frítt svona. En þegar túrarnir stækka þá stækkar líka umfangið í kringum þetta allt svo þetta eru ekki frá-bærar tekjur, sko. Og við erum allir að vinna annað líka, reyndar með mjög skilningsríka yfirmenn sem betur fer því launin af þessu starfi eru ekki þannig að við gætum verið í því eingöngu.“

Kassagítardjass
Nú tekur við Skálmaldarlaust tímabil, hvað ætlar Þráinn Árni af sér að gera? „Ég stofnaði fyrir skömmu tónlistarskólann Tónholt sem er í Norðlingaholti og kenni líka mikið á Skype. Mér finnst svo svaka-lega gaman að kenna en ég þarf að skapa og búa eitthvað til. Aður en Skálmöld varð til var ég alltaf að spila eitthvert popp og þá samdi ég til hliðar fullt af þungarokki sem nýttist vel í Skálmöld. Núna þegar ég er búinn að lifa og hrærast



Þráinn er hér á sviði með Skálmöld en varla leggur hann gítarinn á hilluna.

í þungarokki í tíu ár þá leitar sköpunargáfan í annan farveg. Ég sit mjög mikið með kassagítar og á fullt af lögum sem ég kannski geri eitthvað við. Og svo finnst mér gaman að ögra sjálfum mér og er núna að stúdera djassgítar-leik á netinu hjá frábærum hol-lenskum kennara sem heitir Robin Nolan. Það virkar kannski eins og kúvending en þegar grannt er skoðað er margt sameiginlegt með djassi og þungarokki. Ég hef spilað á gítar í þrjátíu ár en svo þegar ég hitti kennara sem er úr allt öðrum heimi þá opnar hann fyrir alls konar gáttir og möguleika.“ Hann segist vera opin fyrir alls konar spilamennsku. „Ef þú ætlar að vera í tónlist á Íslandi verðurðu að geta spilað allt. Það hefur aðeins dottið upp fyrir hjá mér eftir að Skálmöld tók yfir en um leið og við tilkynntum að við værum að hætta hefur ólíklegasta fólk sett sig í sam-band og víðrað möguleika á sam-

starfi. Ég segi samt ekki já við öllu, er að læra að segja nei og hef komist að því að það er ótrúlega erfitt en þroskandi að segja nei við fólk.“ Þráinn fékk svo æskudraum uppfylltan á aðfangadag þegar hann spilaði með Bubba í árlegri heimsókn hans á Litla-Hraun. „Á fyrstu æfingunni var fyrsta lagið Blindsker og það var svo sýrreal-ískt að þegar hann byrjaði að syngja þá leit ég til hliðar og fattaði að Bubbi var að syngja og ég var þessi á gítarinn. Algjör draumur að fá að spila með kónginum.“ Á tímamótum er við hæfi að strengja heit og Þráinn gerði það að sjálfsögðu. „Planíð er að slaka sem mest á um helgar, vera sem minnst á flugvöllum, spila með sem flestum skemmtilegum tón-listarmönnum og senda eitthvað frá mér allt öðruvísi en það sem ég hef verið að gera áður en við í Skálmöld tókum upp þráðinn að nýju.“

Fyrst þegar við vorum að byrja að túra var ég tónlistarkennari og umsjónarkennari í Norðlingaskóla og ég man eftir einu skipti þegar við kláruðum magnaða tónleika í Austurríki á sunnudagskvöldi, förum beint út á flugvöll og vorum mættir heim eldsnemma á mánudagsmorgni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torgehf Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördis Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,



ÚTSALA

30-50% AFSLÁTTUR

Risa útsala er hafin í Curvy!!

Sjáðuúrvalið í netverslun www.curvy.is eða
komdu í verslun okkar við Grensásveg



Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg * 108 RVK * Sími 581-1552 * www.curvy.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta þvegillinn

5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Janna.

Spádómar

Spái í spil, ræð drauma, tek líka fólk heim.Tímabantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna.

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar á tilboði

Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Ráfmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Heilsa

Nudd



Human touch is the loving remedy for body & soul

TANTRA NUDD
Ekta vigsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002



Hjálparstarf kirkjunnar



job

Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



CATALINA

CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

Best geymda leyndarmál Kópavogs







LIFANDI TÓNLIST

SMELLUR

FÖSTUDAG & LAUGARDAG
FRÁ KL. 00.00 - 03.00

HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19



HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21

SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

WWW.CATALINA.IS

ÚTSALA SALE

ACNE STUDIOS

ANINE BING

VICTORIA VICTORIA BECKHAM

ROTATE

2ND DAY

J.LINDBERG

FILIPPA K

TIGER OF SWEDEN

PAUL SMITH

TONSURE

CALVIN KLEIN

MADS NØRGAARD

SAMSØE SAMSØE

HELMUT LANG

SHOE THE BEAR

STORM & MARIE

ÚTSALAN HEFST Í DAG!

30-40% AFSLÁTTUR

VÖNDUÐ MERKJAVARA

OPIÐ FRÁ 10-19

GK

REYKJAVIK



GKREYKJAVIKIS



GKREYKJAVIK



TRYGGVAGATA 21, HAFNARTORG

TÍMAMÓT



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda hlýju og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Þóru Þ. Björnsdóttir

frá Hrisum,
Viðilundi 24, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks lyflækningadeildar Sjúkrahússins á Akureyri fyrir alúð og umhyggju.

Jón Ágúst Aðalsteinsson
Guðný Aðalsteinsdóttir
Sigrún Aðalsteinsdóttir
Stefán Aðalsteinsson
Halldór Aðalsteinsson
Hlynur Aðalsteinsson

Halla Sveinsdóttir
Sigurður Þór Ákason
Stefán Geir Pálsson
Þuríður Túrít Þorláksdóttir
Helga S. Steingrímsdóttir
Guðrún Þ. Ásmundsdóttir

ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Birna Ágústa Björnsdóttir

lést 19. desember síðastliðinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

Magnea Sigrún Jónsdóttir
Hanna Þórunn Skúladóttir
Áróra Hrönn Skúladóttir

Guðrún Anna Antonsdóttir
Jónas G. Halldórsson
Kristján Þór Hallbjörnsson
Henrik Danielsen

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,
Kjartan Bjarni Kristjánsson
Norðurbyggð 31,
Akureyri,

lést föstudaginn 20. desember á dvalarheimilinu Hlíð.

Útför hans verður gerð frá Akureyrarkirkju mánudaginn 6. janúar kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Gjafasjóð öldrunarheimila Akureyrar (Skógarhlíð).

Sigríður Kjartansdóttir
Kjartan Bjarni Kristjánsson
Guðrún Kristjánsdóttir
Auður Kristjánsdóttir
Ingunn Jóhanna Kristjánsdóttir
Halldóra Laufey Kjartansdóttir

Kristján Þórhallur Halldórsson
Erla Sara Svavarsdóttir
Magnús Finnsson



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Unnur Konráðsdóttir

(Úffa Konn)
Hlíðarhúsum 3-5,
Reykjavík,

lést miðvikudaginn 25. desember sl.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 3. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

Konráð Eyjólfsson
Herdis Eyjólfsdóttir
Unnar Eyjólfsson

Helga Óladóttir
Ægir Bjarnason
Hildur Pálsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, systir, mágkona, barnabarn, systurdóttir og frænka,

Sóley Magnúsdóttir

viðskiptafræðingur,
Huldugili 50,
Akureyri,

andaðist fimmtudaginn 26. desember.
Útförin fer fram í Akureyrarkirkju 9. janúar klukkan 13.30.

Aldis Freyja Sævarsdóttir
Sindri Snær Sævarsson
Þorsteinn Darri Sævarsson
Ottó Hörður Guðmundsson
Halldór Magnússon
Ása Huldrún Magnúsdóttir
Rannveig Harðardóttir

Kolbrún Erna Magnúsdóttir
Gunnar Arason
Sóley Halldórsdóttir
Jón Harðarson

og aðrir aðstandendur.



Þökkum innilega samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra
Ingólfs Helga Þorlákssonar

Fyrir hönd aðstandenda,
Viðar Ingólfsson
Guðbjörg Emma Ingólfssdóttir
Hjördis Björk Ásgeirsdóttir



Kæru vinir og fjölskylda.
Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför

Helga Brynjars Þórissonar

Sonja Lúðvígs

Anna María McCrann
Andrea Dýrleif Helgadóttir
Ómar Sigurður Helgason
Karítas K. McCrann
Ísak Helgi og Elín Ylfa
Alexandra og Lucas
Margrét Þórisdóttir

Mike Stroud
Mauricio R. Villavizar
Hörður Gunnarsson



Ástkær bróðir okkar og frændi,
Jón Kjartansson
frá Bitru,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 20. desember. Útför fór fram í kyrrþey. Þökkum samúð og vinarhug.

Grétar Kjartansson
Jóhanna Kjartansdóttir
systkinabörn og systkina barnabörn.



Okkar ástkæri
Árni Benediktsson

frá Hofteigi,
fyrirverandi framkvæmdastjóri,
dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund,

lést laugardaginn 28. desember.
Jarðarförin fer fram frá Áskirkju mánudaginn 6. janúar kl. 15.00.

Björg Dúfa Bogadóttir
Margrét Árnadóttir
Björg Árnadóttir
Benedikt Árnason
Auður Freyja Kjartansdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi, langafi og tengdafaðir,
Gunnar Gunnarsson

Selfossi I, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, mánudaginn 30. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Steinunn Eyjólfssdóttir

Atli Gunnarsson
Guðrún Ásta Gunnarsdóttir
Erna Gunnarsdóttir
Sigríður Gunnarsdóttir

Anna Sigrúnardóttir
Sveinn Sigurmundsson
Jón Árni Vignisson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Magnús Jón Björgvinsson
Ísafold, Strikinu 3, Garðabæ,

sem andaðist 19. desember, verður jarðsönginn frá Langholtskirkju mánudaginn 6. janúar kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

Björgvin Magnússon
Ólafía Margrét Magnúsdóttir
Guðný Rósa Magnúsdóttir
Erla Magnúsdóttir

Björk Tryggvadóttir
Sæmundur Pálsson
Gunnar Guðjónsson
Þórður Höskuldsson

og afabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,
Angantýr Einarsson
fyrirverandi kennari og skólustjóri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð þriðjudaginn 24. desember.

Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 6. janúar kl. 10.30.

Auður Ásgrímsdóttir
Halla Angantýsdóttir
Hlynur Angantýsson
Ásgrímur Angantýsson

AlmaDís Kristinsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Bjarney Sigurðardóttir

frá Seyðisfirði,
Hæðargarði 29, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Fossvogi, fimmtudaginn 19. desember sl.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. janúar kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks B4, LSH Fossvogi, fyrir hlýhug og góða umönnun. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á MS félagið.

Rannveig Jónína Ásbjörnsdóttir
Björn Eyberg Ásbjörnsson
Fanney Björk Ásbjörnsdóttir
Ester Ásbjörnsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Stefán Carlsson
Valgerður Sveinsdóttir
Tómas Jóhannesson
Einar Egilsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Jónas Sigurður Magnússon

rannsóknarlögreglumáður,
Logafold 131,

verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju mánudaginn 6. janúar klukkan 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknar- og hjálparsjóð Landssambands lögreglumanna, kt. 540574-0149, rknr. 0303-26-57970.

Nanna Ólafsdóttir
Sigrún K. Jónasdóttir
Anna H. Jónasd. Njástad
Magnús Jónasson
Helga Á. Jónasdóttir

Eiríkur Ó. Jónsson
Arnstein Njástad
Þóra M. Guðmundsd. Bech
Hrafnkell Stefánsson
og barnabörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is. Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

ÚTSALA

á skot og stangaveiðivörum



Stanga**veiði**
Skotveiði
Sjó**veiði**

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÚTSALAN! ERHAFIN!

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 - 18 og laugardaga 11 - 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

MENNING

Á milli himins, jarðar og helvítis

LEIKHÚS

Meistarinn og Margaríta



Þjóðleikhúsið

Höfundur skáldsögu: Mikhaíl

Búlgakov

Leikgerð: Niklas Rådström**Leikstjórn og þýðing leikgerðar:**

Hilmar Jónsson

Leikarar: Stefán Hallur Stefáns-son, Birgitta Birgisdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Ebba Katrín Finnsdóttir, Oddur Júlíusson, María Thelma Smáradóttir, Bjarni Snæbjörnsson, Björn Ingi Hilmarsson, Pálmi Gestsson, Hákon Jóhannes-son, Þórey Birgisdóttir, Gunnar Smári Jóhannesson, Hildur Vala Baldursdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson og Edda Björgvinsdóttir**Leikmynd:** Sigríður Sunna Reynisdóttir**Búningar:** Eva Signý Berger**Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson**Tónlist:** Valgeir Sigurðsson**Sviðshreyfingar:** Chantelle Carey**Hljóðmynd:** Valgeir Sigurðsson,

Aron Örn Arnarsson og Kristinn

Gauti Einarsson

Leikgervi: Tinna Ingimarsdóttir**Ráðgjöf við töfrabrögð:** Dirk

Losander

Einn venjulegan veðurdag í Moskvu birtist dularfullur maður að nafni Woland í fóruneyti með óheilagri þrenningu. Fljótlega fer allt úr böndunum í borginni.

Rússneska skáldsagan Meistarinn og Margaríta eftir Mikhaíl Búlgakov er eitt af stórverkum tuttugustu aldarinnar. Sagan spannar árpúsund og fjallar í senn um skáldskap, mannlega bresti og kött sem hent er út úr sporvagni. Jólasýning Þjóðleikhússins, í leikgerð Niklas Rådström og leikstjórn Hilmars Jónssonar sem einnig þýðir, var frumsýnd á annan í jólum.

Í heimi Búlgakovs eru raunveruleikinn, trúin og skáldskapurinn ekki aðskilin heldur sullast saman í súrrealískan skúlptúr þar sem tíminn er ekki línulegur heldur krosssaumur af atvikum, smáum og stórum, sem öll tengjast. Viddir tilverunnar eru óendanlegar, skarast stöðugt og táknmyndir er ekki bara að finna í bókmenntum heldur sprelllífandi í samfélaginu. Ekki er vænlegt eða jafnvel gerlegt að fara nánar í saumana á söguþræðinum en í stuttu máli hverfist framvindan um að afhjúpa tvöfeldni borgarastéttarinnar og leitina að sannleikanum bæði fyrir þá lifandi og dauðu, ef slíkt er til.

Fimmtán leikarar mynda leikhópinn, samansettan af reynslumiklum leikurum og þeim sem eru að stiga sín fyrstu skref. Það er



„Baráttan á milli góðs og ills er ekki eins klippt og skorin og virðist í fyrstu,“ segir í dómnum. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/HÖRÐUR SVEINSSON

alltaf spennandi blanda og margir þurfa að leika fjölmargar persónur. Sigurður Sigurjónsson fer fyrir flokknum í hlutverki Wolands sem hann leikur af öryggi en blæbrigðin eru fá, þannig verða hans djöfullegu verk fremur einsleit þegar liða tekur á. Ebba Katrín Finnsdóttir heldur áfram sinni góðu framgöngu og í hennar höndum er kórstjórinn Korovév bæði ögrandi og ógnandi. Oddur Júlíusson leikur köttinn Behemot með miklum tilþrifum en of miklum látalátum. María Thelma Smáradóttir lokar hring hinnar óheilögu þrenningar en hin þögla og undarlega Hella fær hvorki margar línur né afgerandi hlutskipti og hverfur þannig í persónugalleriinu.

Stefán Hallur Stefánsson fer með tvö lykilhlutverk, annars vegar Jesúa Ha-Notsri og Meistarann hins vegar. Hlutverkin tvö nálgast hann þannig að persónurnar séu aftengdir hugsjónamenn. Hugmyndin virkar en ástríðuna vantar og upp- og niðri lítar báða mennina of mikið. Astin í lífi Meistarans er Margaríta, leikin af Birgittu Birgisdóttur, sem kastar af sér hlekkjum samfélagsins og yfirgefur tilfinningasnautt

hjónaband til að finna hamingjuna. Leikgerðin er Birgittu til ama því þrúgandi heimilisaðstæðunum er ekki komið nægilega vel til skila, né persónu Margarítu, og þannig verður ferðalag karaktarsins óljóst.

Bjarni Snæbjörnsson leikur skáldið Ivan Bésdomní sem ruglast alveg í ríminu eftir fund sinn við Woland. Hann er sakleysið uppmál- að og leitar mikið í húmorinn en gerir Bésdomní helst til of einfeltningslegan. Björn Ingi Hilmarsson finnur sína bestu fjöl sem aulalega skrifstofublókin Nikolaj Ívanovítsj. Pálmi Gestsson og Þröstur Leó Gunnarsson, sem Pontíus Pílatus og Kaífas, sýna okkur hvernig hægt er að framkalla heila ævi á örfáum augnablikum. Hákon Jóhannesson vinnur á sem uppþrengjandi ritari Jesú, Levi Matteus, en því miður hverfur Edda Björgvinsdóttir alveg í ringulreiðinni. Gaman er að sjá nýtskrifaða leikara fá tækifæri til að spreyta sig á fjölbreyttum hlutverkum í sýningunni. Þórey Birgisdóttir, Gunnar Smári Jóhannesson og Hildur Vala Baldursdóttir vinna vel úr því sem fyrir þau er lagt. Vonandi fá þau tækifæri til að halda áfram að þroskast á sviði.

Sviðsetning á slíkum texta sem Meistarinn og Margaríta er, felur ekki einungis í sér að sauma saman mismunandi atriði heldur að framsetja túlkun leikstjórans á leikverkinu sem liggur fyrir. Túlkun Hilmars Jónssonar er yfirborðskennd og skortir heildarsýn. Hópsenurnar eru tættar; bæði dansleikur hinna dæmdu og sérstaklega leiksýning Wolands í fjölleikahúsinu þar sem tóframaðurinn ábúðarfulli sviptir hulunni af tviskinnungshætti áhorfenda sinna. Umbreyting Margarítu í norn, sem snýr allri sögunni á hvolf og líka lífi Margarítu, skortir leikhústöfrana til að setja sýninguna í fluggirinn. Atriðum er ekki gefið tóm til að blómstra í fyllingu tímans, frekar er lögd áhersla á hraða, æsing og glundroða.

Leikhústöfrarnir koma helst úr hatti Dirks Losander sem gefur áhorfendum örmynd af möguleikum textans, í honum leynist nefnilega alvöru galdur. Leikmyndin, hönnuð af Sigríði Sunnu Reynisdóttur, er hvorki hér né þar, smíðuð til að henta hverju og einu atriði fremur en að hnýta sýninguna saman. Eva Signý Berger sér um

búningana af listfengi og fyllir tómlegheitin litadýrð. Þar ber helst að nefna jakkaföt Korovévs en útfærsluna á kettinum Behemot hefði mátt leysa betur. Leikgervi Tinnu Ingimundardóttur eru sömuleiðis verulega vel unnin. Halldór Örn Óskarsson slær smíðshöggð við að reyna að brúa bilið á milli viddanna sem fæðast á sviðinu með fantafinni lýsingu.

Hlutverk djöfulsins er ekki að refsa heldur að afhjúpa syndir mannkynsins. Af nægu er að taka í íslensku samfélagi og því er Meistarinn og Margaríta svo sannarlega saga fyrir okkar tíma. En dæmisaga Búlgakovs þarf áræðni í ásetningi og túlkun af hálfu leikstjóra, hana skortir hér. Hægt er að kafa miklu dýpra í þennan magnaða texta þar sem baráttan á milli góðs og ills er ekki eins klippt og skorin og virðist í fyrstu. Hér er á ferðinni útfærsla full af ærslagangi og látalátum en það er ekki fyrr en í blændann sem sýningin snertir á einhverju yfirskilvitlegu. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTAÐA: Stórkostleg saga en skortir afgerandi túlkun leikstjórans.

Nú hefur hvítur jökullinn hopað og breiður af svörtum sandi og auðn tekið við

Fæðginin Guðrún Nielsen og Ólafur W. Nielsen opna ljósmyndasýninguna Auðn í Gallery Grásteini að Skólavörðustíg 4 á morgun, 4. janúar.

Sumarið 2019 fóru þau fæðgin á gamlar slóðir á Tungnaároræfum og í Jökulheimum þar sem Guðrún safnaði saman myndefni í ljósmyndaseríuna Auðn. Inn í þá seríu blandast persónulegar minningar frá slóðum sem hún þekkti fyrrum, saga landsins og óútreiknanleg náttúruöflin, að hennar sögn. „Nú hefur hvítur jökullinn hopað og breiður af svörtum sandi og auðn tekið við,“ segir hún.



Snjóbíll í jökulsprungu – eitt af samklippiverkum Guðrúnar.



Áning leitarhóps vegna hvarfs tveggja jöklarannsóknarmanna á Vatnajökli 1953. MYND/ÓLAFUR NIELSEN

Fortíðin er ljóslifandi í myndum Ólafs, þær elstu eru teknar fyrir um 70 árum, því hann hefur tekið myndir á Vatnajökli frá 1950. Ólafur er húsgagnasmíður og einn af stofnendum Jöklarannsóknafélags Íslands og Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík.

Guðrún er myndhöggvari og er með vinnustofur í Reykjavík og Englandi. Hún hefur tekið þátt í alþjóðlegum samkeppnum og sýningum frá 1989 og unnið til margvíslegra verðlauna. Nokkrar myndir úr Auðnar-seríu hennar voru sýndar í september síðastliðnum í Le Marais í París. – **gun**

ÚTSALAN ER HAFIN!

ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR!

STÓRLÆKKAÐ VERÐ Á YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM

**TÖLVU
LISTINN**


REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK EGILSSTAÐIR REYKJANESBÆR SELFOSS AKRANES

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



*Frettablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentsmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

DAGSKRÁ

Föstudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Gettu betur 1989 Úrslit. MK - FB
13.50 Enn ein stöðin
14.15 Poirot Agatha Christie's Poirot Ragnhildur Gísladóttir flytur nokkur af lögum sínum að viðstöddum áhorfendum í sjónvarpssal.
15.05 Söngvaskáld Ragnhildur Gísladóttir
15.55 Orlofshús arkitekta
16.25 Tónspor, Sigríður Soffía Nielsdóttir og Þórarinn Guðnason
16.55 Latínabóndinn
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Fótboltastrákurinn
18.29 Tryllitæki
18.36 Taktu hár úr hala mínum- Margur verður af aurum api í dag fá krakkarnir málsháttinn „margur verður af aurum api“ og eiga að setja upp leikið verk á met tíma. Þau þurfa að búa til sögu sem byggir á málshættinum, ákveða búninga og leikmuni og setja upp sýningu. Agnar Jón Egilsson, leikstjóri og leiklistarkennari, aðstoðar krakkana við að vinna úr hugmyndunum.
18.50 Landakort, Skátar
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Gettu betur - Stjórnustrið
Blaðamannaskólinn - Listaskólinn Í þessum þætti mætast lið Blaðamannaskólans og Listaskólans. Lið Blaðamannaskólans skipa Þórhildur Ólafsdóttir, Þórgnýr Albertsson og Ásgeir Erlendsson. Lið Listaskólans skipa Stefán Pálsson, Laufey Haraldsdóttir og Ragnar Jónasson. Gestaspyrill er Eva María Jónsdóttir.
20.55 Jackie and Ryan Rómantísk kvikmynd um götutónlistarmann og einstæða móður í forræðisdeilu sem hittast fyrir tilviljun og á milli þeirra kviknar neisti sem gæti breytt lífi þeirra. Leikstjórn. Ami Canaan Mann. Aðalhlutverk: Katherine Heigl, Ben Barnes og Clea DuVall.
22.25 Barnaby ræður gátuna – Jólareimleikar Midsomer Murders. The Christmas Haunting Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi rannsakar morð á manni sem var stunginn til bana við draugaveiðar. Meðal leikenda eru Neil Dudgeon og Gwilym Lee. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
00.00 Shattered Glass - Brotið gler
01.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

07.00 Swinging Skirts LPGA Taiwan Útsending frá Swinging Skirts LPGA Taiwan.
11.40 Inside the PGA Skyggst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni.
12.05 Sentry Tournament of Champions Útsending frá Sentry Tournament of Champions á PGA-mótaröðinni.
16.05 Australian PGA Championship Útsending frá Australian PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
19.00 Sentry Tournament of Champions
23.00 Sentry Tournament of Champions Bein útsending frá Sentry Tournament of Champions á PGA-mótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 The Good Place
08.20 Man with a Plan
08.45 Happy Together
09.05 Fam
09.30 Superstore
09.50 Speechless
10.15 Single Parents
10.35 Life in Pieces
11.00 American Housewife
11.20 Will and Grace
12.00 Með Loga
13.00 Lifum lengur
13.30 Trúnó
14.15 Happy Hour með Ragga Bjarna Upptaka frá einstökum tónleikum sem fram fóru í Háskólabíói í janúar 2018.
15.30 Max 2. White House Hero
16.55 Hot Pursuit
18.20 Salmon Fishing in the Yemen
20.00 Maður eins og ég Maður eins og ég er rómantísk gamanmynd úr raunveruleikanum um Júlía (Jón Gnarr), einmana og vanafastan mann.
21.30 The Italian Job
23.25 Bölgen
01.10 Abduction
02.55 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Dulrænar sögur - Reimleikar í Hvítárnesi
15.00 Fréttir
15.03 Meistari Jakob
16.00 Siðdegisfréttir
16.05 Jörð úr ægi
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Þjóðsagnabættir í samantekt Þorsteins frá Hamri
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur - Íslenskt tónlistar-fólk flytur lög eftir Bob Dylan
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.35 Kvöldsagan. Hús úr húsi
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.20 Leave No Trace
12.10 Overboard
14.00 Ingrid Goes West
15.40 Leave No Trace
17.30 Overboard
19.20 Ingrid Goes West
21.00 The Squid and the Whale
22.25 The Interview
00.15 Death Wish
02.00 The Squid and the Whale

STÖÐ 2

08.00 Friends
08.25 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Famous In love
10.10 Lego Master
11.00 Jamie's Quick and Easy Food
11.25 Lóa Pind. Viltu í alvöru deyja?
12.05 Fósturbörn
12.35 Nágrannar
13.00 Brad's Status
14.50 Road Less Travelled
16.15 United Skates
17.43 Bold and the Beautiful
18.03 Nágrannar
18.28 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.47 Sportpakkin
18.55 Ísland í dag Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálapáttur.
19.10 Maya The Bee Movie Mæja er einstaklega kát og skemmtileg býfluga sem nýtur lífsins út í ystu æsar. Það eina sem hún er ekki sátt við er að þurfa að strita allan daginn við býflugnabúið í stað þess að leika sér.
20.40 The Kid Who Would Be King Hinn tólf ára Alex finnur fyrir tilviljun sverðið Excalibur og dregur það úr steininum. Um leið vekur hann hina illu norn Morgönu til lífsins, en hún ætlar sér að komast yfir sverðið, hvað sem það kostar.
22.40 The Spy Who Dumped Me
00.35 Hunter Killer
02.35 Deadwood Mögnuð mynd frá HBO sem er framhald af samnefndum þáttum. Myndin gerist 10 árum eftir að síðustu þáttaröð líkur og eru sömu leikarar í aðalhlutverkum.

STÖÐ 3

19.10 Modern Family
19.35 Kevin Can Wait
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 The Simpsons
21.15 American Dad
21.40 Shrii
22.05 Jett
23.10 Modern Family
23.35 Kevin Can Wait
00.00 Friends
00.25 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.35 Atalanta - AC Milan Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
09.15 Inter - Genoa Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
10.55 Ítölsku mörkin - Mid-Season Review
11.25 Annáll 2019. Ólis deild karla og kvenna
12.55 Derby - Charlton Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
14.35 Barça - Real Madrid Útsending frá leik í Liga Endesa.
16.45 Swansea - Charlton Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
18.25 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni.
18.55 FA Cup - Preview Show
19.25 La Liga Report Upphittunarþáttur fyrir leikina í spænsku úrvalsdeildinni.
19.55 Sevilla - Athletic Bilbao Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni.
22.00 NFL. Road to the Playoffs
22.55 HM í pílukasti Útsending frá úrslitunum á HM í pílukasti.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Lítt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

ht.is

RISA

ÚTSALA!

MEIRA EN 3000 VÖRUTEGUNDIR – ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR!

TAKMARKAÐ
MAGN!
SJÁÐU ALLT
ÚRVALIÐ Á HT.IS



Heimilistæki

REYKJAVÍK AKUREYRI REYKJANESBÆR SELFÖSS EGILSSTAÐIR HÚSAVÍK AKRANES

OPIÐ ALLA HELGUNA Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI!



Joaquin Phoenix
Joker

Joker er ein umdeildasta mynd síðasta árs og engin sátt um raunveruleg gæði hennar í sjónmáli. Joaquin Phoenix þykir þó hvað sem öllum þrætum um boðskap og dýpri merkingu myndarinnar liður alveg frábær í hlutverki þessarar sérstæðu útgáfu af erki-fjanda Leðurblökumannsins.



Adam Driver og Scarlett Johansson
Marriage Story

Marriage Story hefur undanfarið, rétt eins og The Irishman, skipt áskrifendum Netflix í tvær fylkingar sem ýmist engjast úr leiðindum eða halda vart vatni af hrifningu yfir skilnaðardrama ársins 2019. Litið er hins vegar deilt um að Adam Driver og Scarlett Johansson sýni stórleik sem hjónin sem þrátt fyrir ástina geta ekki haldið sambúðina út. Leikararnir dúkka ýmist upp saman eða sitt í hvoru lagi á topplistanum og í því uppgjöri hallar þó frekar á Johansson.



Jennifer Lopez
Hustlers

Áhugi slúðurpressunnar á Jennifer Lopez og áherslurnar í umfjölluninni hafa itrekað orðið til þess að það vill gleymast að þegar hún nennir er söngkonan frábær leikkona. Nægir í því sambandi að minna á frábæra frammistöðu hennar í U Turn og Out of Sight. Hún sneri síðan í fyrra aftur í toppformi í Hustlers þar sem hún fer á kostum í hlutverki súludansmeyjar sem sér sér leik á borði og féflettir ríka bissnisskalla með kvenlegum þokka og klækjum.

Uppvakningar og ellismellir bregða á leik

Eddie Murphy, Antonio Banderas, Renée Zellweger og Jennifer Lopez eru áberandi á listum yfir bestu kvikmyndaleikara síðasta árs og þótt tilþrif þeirra hafi komið mismikið á óvart blandast þau ferska blóðinu í Hollywood vel þegar þau minna á að lengi er von á einum. Meira að segja Joe Pesci.

Bransabibliurnar The Hollywood Reporter og Variety, fréttatímaritið Time og aðrir fjölmiðlar sem láta sig skemmtanabransann vestan hafs og frægðarfólkið sem þar lifir og hrærist varða eru ekkert að biða eftir að Óskarsverðlauna-

akademían tilkynni hverja hún telji hafa skarað fram úr í kvikmynda-leik árið 2019. Alls konar listar, ekki síst sigildir Topp 10, eru komnir í umferð og þar er sama fólkíð áberandi frekt til fjörsins sem vissulega gefur ákveðnar vísbendingar um hvernig Óskars-tilnefningunum verður útteilt. - þþ

Topp 10 hjá Time

- | | |
|---------------------------------------|--|
| ■ Antonio Banderas
Pain & Glory | ■ Renée Zellweger
Judy |
| ■ Jennifer Lopez
Hustlers | ■ Joe Pesci
The Irishman |
| ■ Adam Driver
Marriage Story | ■ Margot Robbie
Once Upon a Time in Hollywood |
| ■ Taylor Russell
Waves | ■ Eddie Murphy
Dolemite Is My Name |
| ■ Matthias Schoenaerts
The Mustang | ■ Kristen Stewart
Seberg |



Antonio Banderas
Pain & Glory

Samstarf leikstjórans Pedro Almodóvar og leikarans Antonio Banderas hófst 1982 þegar Banderas fékk ungur hlutverk hjá Almodóvar í myndinni Labyrinth of Passion. Saman öðluðust þeir síðan heimsfræðð með myndum á borð við Konur á barmi taugaáfalls frá 1988 og Bittu mig, elskaðu mig frá 1989. Samband þeirra minnir um margt á farsælt samstarf Martins Scorsese og Roberts De Niro og því sérlega viðeigandi að sama ár og þeir tveir kyrja sinn mafiósasvasnasöng skuli Banderas fara á kostum undir stjórn Almodovars í Pain & Glory þar sem hann leikur einhvers konar sýn leikstjórans á sjálfan sig. Banderas er oftan en ekki í efsta sæti fyrrnefndra lista fyrir túlkun sína á farsælum leikstjóra sem á efri árum lítur um öxl yfir feril varðaðan sigrum og sorgum.



Eddie Murphy
Dolemite is My Name

Eddie Murphy hefur risið upp jafn oft og hann hefur verið afskrifaður og fer með himinskautum í þessari sannsögulegu Netflix-mynd um Rudy Ray Moore sem hætti ekki fyrr en honum tókst að slá í gegn. Og þá í gervi uppistandsgrínarans og frumrapparans Dolemite. Óneitanlega ákveðið og sannfærandi afturhvarf til upprunans hjá Murphy sem átti sína uppistandsgullöld á öndverðum níunda áratugnum.



Brad Pitt
Once Upon a Time in Hollywood

Enn eitt meistarastykkið frá Quentin Tarantino er fullskipað stórstjörnum og frábærum leikurum en Brad Pitt virðist þó hafa mesta vigt og hefur í krafti þess að hann er Brad Pitt tekist að skyggja á Leonardo DiCaprio og aðra meðleikara. Það er helst spútníkið Margot Robbie sem nær að láta að sér kveða í risastóru aukahlutverki sem vomir yfir myndinni frá upphafi til enda.



Joe Pesci
The Irishman

Aldursforsetinn á leikaralistum ársins 2019 kemur þar víða og verðskuldað við. Joe Pesci var hættur að leika en í krafti gamallar vináttu og glæsilegs samstarfs í gegnum árin tókst Martin Scorsese að fá hann með í The Irishman. Snjallt hjá Scorsese og gott hjá Pesci að láta til leiðast þar sem hann sýnir yfirvegaðan og óvenju hófstílltan stórleik og skyggir fyrirhafnarlítið á stóru spámennina Al Pacino og Robert De Niro sem eru þó báðir í toppformi.

Hátt fall úr morknum lággróðri

Þrátt fyrir grafalvarlegar og mikilvægar deilur um hvort áramótin hafi einnig markað upphaf nýs áratugar eða ekki er búið að skila áratugarreikningi yfir öldnustu ávextina sem ræktaðir voru í Hollywood á milli ártalanna 2010-2020. Bíóðómasafnhaugurinn Rotten Tomatoes.com þykir hentugur til þess arna enda skilur prósentureikningurinn þar skýrt á milli feigs og ófeigs, skilur sauði frá höfrum og það dragúldna frá því brakandi ferska.

Þeir sem sjá mestum ofsjónum yfir vinsældum ofurhetjummynda geta í uppgjöri síðustu ára fundið huggun þeim harmi gegn í fokdýrum floppum sem byggðu á mynda-söguhetjum bæði úr ranni Marvel og DC Comics. – þþ



Grænt fer Ryan Reynolds ekki vel.

Green Lantern (2011)
Leikarinn Ryan Reynolds hefur verið fengsæll í hlutverki Marvel-andhetjunnar Deadpool en tókst ekki að flá feitan gölt með hinum kynngimagnaða hring Grænu luktarinnar.

Rotten Tomatoes: 26%
Minus: 200 milljónir dollara
Plús: 220 milljónir dollara

John Carter (2012)
The Avengers og Star Wars hafa fyllt nokkra gulleggjabakka fyrir Disney í náinni fortið en þungir skellir eru baunateljurunum á þeim bænum einnig enn í fersku minni.

Rotten Tomatoes: 52%
Minus: 250 milljónir dollara
Plús: 284 milljónir dollara



Depp með fugl á hausnum klikkaði.

The Lone Ranger (2013)
Jafnvel gullkálfurinn Johnny Depp brást Disney þegar reynt var að græða á miðasöluþokka hans sem sjóræningja með því að dubba hann upp sem indíánann Tonto í fáránlegum vestra um The Lone Ranger.

Rotten Tomatoes: 31%
Minus: 215 milljónir dollara
Plús: 260 milljónir dollara

Sin City: A Dame to Kill For (2014)
Allt sem Robert Rodriguez gerði rétt í lífandi hasarblaðinu Sin City 2005 gerði hann kolrangt í framhaldsmýndinni. Gagnrýnendur



Raðlúserararnir klikkuðu aftur.

voru fúlir og áhorfendur fóru margir eitthvert annað.

Rotten Tomatoes: 43%
Minus: 65 milljónir dollara
Plús: 39 milljónir dollara

Fantastic Four (2015)
Rotten Tomatoes: 9%
Minus: 65 milljónir dollara
Plús: 39 milljónir dollara



Hellboy án Ron Perlman? Ekki séns.

The Girl in the Spider's Web (2018)
Rotten Tomatoes: 40%

Mortal Engines (2018)
Rotten Tomatoes: 27%

Hellboy (2019)
Rotten Tomatoes: 17%

Dark Phoenix (2019)
Rotten Tomatoes: 23%



ÚTSALA ÁRSINS

BYRJUM NÝJA ÁRIÐ MEÐ LÁTUM OG BJÓÐUM
ÓTRÚLEG TILBOÐ Á TÖLVUM OG TÖLVUVÖRUM
ÚT ALLAN JANÚAR



ALLT AÐ
50.000
AFSLÁTTUR
AF FARTÖLVUM



ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
Af tölvuskjám

ALLT AÐ
75%
AFSLÁTTUR
Af yfir 1000
vörum



TÖLVUTEK

OPNUNARTÍMAR

Föstudagur
10:00 - 18:00

Laugardagur
10:00 - 18:00

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

3. janúar • Tilboð gildir út janúar 2020 eða meðan birgdir endast. Birt með fyrirvara um broytingar, innsláttarvallur og myndabreytingar.

SR

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNIR:GULL
ÖLD
SVEIPL
UNNARNÝÁRSTÓNLEIKAR
Í ELDBORG
5. JANÚAR KL. 20.00

GESTASÖNGVARAR:

KK

Stína Ágústsdóttir
Björgvin Franz GíslasonSTJÓRNANDI & KYNIR:
Sigurður Flosason

Einar fékk fékk áhuga á markaðssetningu lista þegar hann byrjaði í tónlist sem unglingur. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR

Alltaf haft áhuga á
markaðssetningu lista

Einar Hrafn úr hljómsveitunum Vök og Hatara tók við starfi markaðsstjóra Íslenska dansflokksins um áramótin. Hann segir stöðuna sameina sín helstu áhugamál, listir og markaðssetningu lista.

Einar Hrafn Stefáns-son er líklega flestum kunnur sem meðlimur hljómsveitanna Vök og Hatara. Þegar hann byrjaði ungur í tónlistinni kviknaði hjá honum áhugi á markaðssetningu lista, enda þarf ungt tónlistarfólk að hafa sig allt við til að koma sjálfu sér á framfæri. Svo fór að Einar settist á skólabeck í Háskóla Íslands og lærði viðskiptafræði. Hann hefur nú tekið við stöðu markaðsstjóra Íslenska dansflokksins, en hann segir starfið fullkomin kokteil af tveimur helstu áhugamálum hans.

Brennandi áhugi

„Ég sá stöðuna auglýsta og fannst hún algjörlega tvínná saman mín helstu áhugamál, list og markaðssetningu lista. Ég er mikill aðdáandi Íslenska dansflokksins og hef lengi verið. Þetta er því algjör draumastaða, að fá að koma svona inn í eitthvað sem maður hefur líka brennandi áhuga fyrir,“ segir hann.

Einar byrjaði að gera tónlist þrettán ára gamall.

„Þá fann ég einhverja ástríðu fyrir því að koma hlutunum á framfæri og gera það vel. Það verður svo til þess að ég fer í viðskiptafræði í Háskóla Íslands, en ég útskrifaðist þaðan 2015. Það er gaman að geta nýtt eitthvað svona, sem er í grunninn frekar tölfræðilegt, og blandað því við listina. Látíð þetta vinna saman, það verður svo ótrúlega skemmtilegt „fusion“,“ segir Einar.

TILRAUNAMENNSKAN ER MJÖG DRÍFANDI INNAN DANSFLOKKSINS, FÓLK ER GJARNARA Á AÐ LEYFA SÉR AÐ LEIKA SÉR MEÐ EFNID. ÞETTA ER NÁTTÚRULEGA BARA TUNGUMÁL LÍKAMANS.

ÉG ER MIKILL AÐDÁANDI ÍSLENSKA DANSFLOKKSINS OG HEF LENGI VERIÐ. ÞETTA ER ÞVÍ ALGJÖR DRAUMASTAÐA, AÐ FÁ AÐ KOMA SVONA INN Í EITTHVAÐ SEM MAÐUR HEFUR LÍKA BRENNANDI ÁHUGA FYRIR.

Nú þegar uppselt

Bækistöðvar Íslenska dansflokksins eru í Borgarleikhúsinu.

„Í grunninn eru átta dansarar í flokknum en stundum fengnir fleiri í verkefni. Fyrsta sýningársins er verkið Rythm of Poison, en það verður frumsýnt 28. febrúar. Verkið er eftir hina finnsku Elinu Pirinen, en hún er nýkomin til landsins til að æfa verkið. Það er nú þegar orðið uppselt á frumsýningu þess. Það verk er algjör tjáningarveisla. Í apríl verður svo frumsýnt verkið AÍÓN í Eldborg í Hörpu. Það er eftir Ernu Ómarsdóttur, listrænan stjórnanda dansflokksins, og tónskáldið Önnu Þorvaldsdóttur. Verkið er flutt í

samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands,“ segir Einar.

Kæra Einar, Sólbjört Sigurðardóttir, er dansari og dansaði meðal annars með Hatara í Eurovision. Einar hefur því ágætis inn-sýn í líf og list dansara.

„Hún hefur verið dugleg að draga mig á danssýningar. Ég hef fengið að kynna dansi í öðru ljósi en ég hefði gert með því að upplifa hann með henni. Svo hef ég líka lært á samvinnu með dönsurum í gegnum tíðina, eins og með Hatara. Tveir núverandi dansarar í flokknum hafa dansað með Höturum svo maður hefur lært af því.“

Vantar danshús

Einar segir að Íslenski dansflokkurinn sé í raun form af frumkvöðulsstarfi.



„Þá innan sviðslistageirans. Það er mun sjaldgæfara að taka eldri verk, þetta er meiri nýsköpun en annars staðar í sviðslísum. Tilraunamennskan er mjög drífandi innan dansflokksins, fólk er gjarnara á að leyfa sér að leika sér með efnid. Þetta er náttúrulega bara tungumál líkamans,“ segir Einar.

Þó að næstu mál á dagskrá séu vorsýningarnar brennur alltaf eitt málefni heitar en önnur í hjörtum íslenskra dansara og þeirra sem að Íslenska dansflokknum koma.

„Já, það vantar danshús. Það er bráð þörf á almennilegu húsi fyrir danslistir á Íslandi.“

Míða á sýningar flokksins er hægt að nálgast á id.is.

steingerdur@frettabladid.is





LAGER- HREINSUN

VIÐ RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM
ALLT AÐ **50%** AFSLÁTTUR

Við erum á
Suðurlandsbraut 24

Opið:

Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16



Komdu í heimsókn
og gerðu góð kaup



BAKÞANKAR

Þórarins Þórarinssonar



Bísamrottur

Þegar áhyggjur af kjarnorku-stríði héldu fyrir mér vöku í bernsku leitaði ég stundum hælís í Múmíndal sem er fallegur og góður staður að vera á. Kannski vegna þess að þangað eru allir vel-komnir og mega vera þau sjálf. Í Múmíndal er til dæmis full-komlega eðlilegt að hrokafullur hemúll hafi atvinnu af frimerkja-söfnun og gangi í kjól af móður-systur sinni.

Persónufrelsið og sjálfsagður fjölbreytileikinn ræður pott-þétt mestu um hversu börnunum mínum og mér á ýmsum aldri hefur reynst auðvelt og ljúft að samsama okkur íbúum Múmín-dals og gestum þeirra.

Sem betur fer sprungu kjarn-orkusprengjur æsku minnar ekki og halastjarnan ógurlega fór fram hjá Múmíndal þannig að allt er enn á sínum stað; heimurinn, múmín-snáðinn, ég og Múmíndalur.

Líf mitt er að vísu orðið miklu flóknara en múmínsnáðans. Sést einna best á því að vondu mol-unum í Quality Street-dósunum hefur fjölgað til muna en svona birtast þær í ýmsum myndum halastjörnurnar og atómsprengj-urnar.

Sá sem lifir ekki í skáldskap Tove Jansson getur þó aftur á móti reynt að lifa af hér á jörðinni með því að tileinka sér heimspeki bísamrott-unnar. Þess vanmetna en bölsýna heimspekings sem tekst að vera sama um allt á meðan hún hefur þó margvíslegar og eðlilegar áhyggjur.

Við bísamrottan erum nefnilega heimspekingar og „heimspeking-um stendur á sama hvort þeir lifa eða deyja“ en þegar við kvefumst illa raskar óvissan um hver afdrif manns kunna að verða stóiskri bölsýnisró okkar.

En þá lætur maður bara vondu molana í dósinni eiga sig, leggur sig aðeins í hengirúminu og hugsar málin aðeins betur.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk

ON THE GO

DAG HVERN LESA

96.000

ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

STILLANLEG RÚM • HEILSUNAR OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.



Betra BAK

HEFST Í DAG

ÚTSALA

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR



VEFVERSLUN

www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN











FAXAFENI 5

Reykjavík

588 8477

DALSBRAUT 1

Akureyri

588 1100

SKEIDI 1

Ísafirði

456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI

Mán.-fös. 10-18 | Lau. 11-16

www.betrabak.is

Betra BAK